

HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

ÁRSSKÝRSLA 2002

FINANCIAL STATEMENTS 2002

HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

ÁRSSKÝRSLA 2002

EFNISYFIRLIT

Hitaveita Suðurnesja 2
Skipulag og stjórn 4
Fjárfestingar 5
Starfsmannafélag Hitaveitu Suðurnesja 7
Rekstur 7
Altæk gæðastjórnun o.fl. 23
Orkuframleiðsla og sala 26
Lykilstærðir 29
Skýrsla og áritun stjórnar 33
Áritun endurskoðenda 34
Rekstrarreikningur 35
Efnahagsreikningur 36
Yfirlit yfir sjóðsstreymi 38
Skýringar 39

Endorsement by the board of directors and management 51
Auditors' Report 52
Statement of Earnings 53
Balance Sheet 54
Statement of Cash Flows 2001 56
Notes 57

HITAVEITA SUÐURNESJA HF

Á síðasta ári urðu enn miklar breytingar á rekstri fyrirtækisins þegar Hitaveita Suðurnesja hf (HS) og Bæjarveitur Vestmannaeyja (BV) sameinuðust. Þessar breytingar gengu greiðar fyrir sig en sameining HS og Rafveitu Hafnarfjarðar árið áður, en þó ekki átakalaust. Á hluthafafundi þann 24. janúar voru samþykktar breytingar á samþykktum Hitaveita Suðurnesja hf sem gerðu stjórn kleyft að ganga frá kaupum/samruna við Bæjarveitur Vestmannaeyja. Meginatriði breytinganna var á 4. gr. þar sem bætt var inn eftirfarandi:

„Stjórn félagsins hefur heimild til að auka hlutafé félagsins um kr. 511.828.000 þannig að heildar hlutafé félagsins verði kr. 7.311.828.000. Stjórn félagsins hefur heimild til að selja Vestmannaeyjabæ ofangreinda aukningu. Greiðsla Vestmannaeyjabæjar verði í því formi að afhenda Bæjarveitur Vestmannaeyja, í samræmi við kaupsamning dags 11. janúar 2002 og sérfræðiskýrslu sbr. 1. mgr. 37. gr. 5.gr. og 6.- 8. gr. laga um hlutafélög nr. 2 frá 1995. Heimilt er að greiða ofangreinda hækkun hlutafjár félagsins í öðrum verðmætum en reiðufé. Núverandi hluthafar falla frá forkaupsrétti vegna þessarar aukningar. Heimild þessi fellur úr gildi þann 30. júní 2002.“

Önnur breyting sem tillaga var gerð um var fækkun stjórnarmanna úr 11 í 7. Vegna eigenda-samkomulags frá 30. mars 2001 þurfti sú tillaga samþykki allra hluthafa en það fékkst ekki og því urðu stjórnarmenn 12 til aðalfundar 2003, þ.e. við bættist einn fulltrúi frá Vestmannaeyjum. Auk þessara breytinga var fundarboð aðal- og hluthafafunda einfaldað auk þess sem í samþykktir var sett ákvæði um starfsstöð/útibú í Vestmannaeyjum.

Óhætt er að segja, að þessi samruni hafi í heild gengið mjög vel og starfsfólk allt mjög jákvætt. Í lok ársins voru tölvukerfi fyrirtækisins að fullu samræmd, fjárhagsbókhald BV sameinað heildarbókhaldinu í lok nóvember og í lok janúar voru orkureikningar í Eyjum skrifaðir úr sameinuðu kerfi og frá og með áramótum hafa orkukaup að fullu verið sameinuð og sammæld. Gerð var skýrsla um möguleika á því að finna heitt vatn í Eyjum og eru á því taldir þokkalegir möguleikar, en vegna niðurgreiðslna og verðjöfnunar er ekki hagkvæmt að ráðast í slíka leit að óbreyttum aðstæðum.

Á síðasta ári hófst af alvöru undirbúningur raforkuvirkjunar á Reykjanesi, en þá voru boraðar tvær háhitaholur auk þess sem ráðist var í víðtækar útfellingartilraunir og forhönnun orkuvers. Borun þriðju holunnar, sem er þá reyndar sú fjórða því ein var boruð árið 2000, hófst síðan nú í mars 2003. Fyrirhugað er að virkja u.þ.b. 40 MW á Reykjanesi vegna fyrirhugaðrar stækkunar Norðuráls, auk 16 MW í Svartsengi, en gert er ráð fyrir að virkjun á Reykjanesi verði a.m.k. 80 MW þegar fram líða stundir. Óformlegt samkomulag liggur fyrir um verð og fleiri mikilvæg atriði en aðal ásteitingarsteinninn er og kemur til með að verða flutningskostnaður raforkunnar. Verði hann jafn hár og um hefur verið rætt er virkjun vart fýsileg fjárfesting og þá að sjálfsögðu sjálfhætt.

Jarðlind ehf, sem HS hf á nú 76,3% í, lét bora rannsóknarholu í Trölladyngju á árinu 2001. Holan stóðst reyndar ekki ítrustu væntingar, en vísindamenn hafa fylgst náið með holunni og nú hefur verið óskað eftir leyfi til borunnar annarar holu, en svör við þeirri beiðni liggja enn ekki fyrir. Fáist umbeðin leyfi gæti komið til borunar á haustdögum, en borinn Jötunn er að bora holu 13 á Reykjanesi og mun síðan bora 3 holur fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, þannig að af borun í Trölladyngju getur ekki orðið fyrr en að því loknu.

Hitaveita Suðurnesja hf sótti til iðnaðarráðuneytisins um rannsóknarleyfi í Brennisteinsfjöllum 27. apríl 2000. Leyfi fékkst ekki en í janúar 2003 sendu Hitaveita Suðurnesja hf og Orkuveita Reykjavíkur sameiginlega beiðni um rannsóknarleyfi en svör hafa enn ekki borist við því erindi. Beiðni HS hf frá 26. nóv-



ember 2001 um rannsóknarleyfi á jarðhita á Torfajökulssvæðinu var hafnað af Iðnaðarráðuneytinu og fékk Landsvirkjun sömu svör við samskonar beiðni sinni.

Á haustdögum hófust könnunarviðræður við nokkur orkufyrirtæki á Suðurlandi og er þess að vænta að á næstu misserum skýrist frekar hvaða stefnu þau mál taka.

Eftir margra ára umræður voru ný raforkulög loks samþykkt á Alþingi þann 14. mars 2003. Ekki eru þó öll kurl komin til grafar, því til að ná samstöðu um málið var frestað tveimur aðal deilumálunum, þ.e. flutningskaflanum og svo umfangi niðurgreiðslna og jöfnunargjalda. Með bráðabirgðaákvæði var þessum málum vísað til mjög stórrar nefndar sem skila skal áliti í frumvarpsformi fyrir næstu áramót. Hitaveita Suðurnesja hf mun því áfram vinna að og leggja áherslu á að að ný orkulög verði þannig úr garði gerð, að orkuiðnaðurinn fái að þróast með eðlilegum og hagkvæmum hætti í stað þess að einblínt sé á byggðastefnu og verðjöfnun.

Eins og margoft hefur áður verið sagt eru miklar breytingar framundan í orkugeiranum, öll uppbygging orkufyrirtækjanna í óvissu en nokkuð víst, að þeim kemur til með að fækka enn frekar á næstu misserum. Brýnt er að nýta þau tækifæri sem gefast á slíkum umbrotatímum, því að þeim loknum má búast við að nokkuð stöðugt ástand skapist sem setji stækkun og eflingu fyrirtækjanna nokkuð ákveðnar skorður. Formbreyting Hitaveitu Suðurnesja hf var stórt skref fram á við og segja má að með fækkun stjórnarmanna úr 12 í 7 sé lokaskrefið í þeirri breytingu sem ákveðin var. Fyrirtækið á þá að vera öflugt og reiðubúið til að takast á við alla þróun og breytingar sem eiga síðan að leiða til hámarks ávinnings fyrir fyrirtækið og eigendur þess.

SKIPULAG OG STJÓRN

Aðalfundur Hitaveitu Suðurnesja 2002 var haldinn 27. mars í Eldborg í Svartsengi. Á fundinum urðu þær breytingar á stjórn fyrirtækisins, að Ellert Eiríksson kom inn í stjórnina fyrir Reykjanesbæ í stað Ingólfs Bárðarsonar og Þóra Bragadóttir fyrir Vatnsleysustrandarhrepp í stað Jóns Gunnarssonar. Í september sagði Tryggvi Harðarson sig úr stjórninni, en hann hafði þá ráðið sig til starfa á Austurlandi, og tók varamaður hans Lúðvík Geirsson þá við. Stjórnin var þá þannig skipuð, eftir að hún hafði skipt með sér verkum:

Formaður:	Ellert Eiríksson, Reykjanesbæ
Varaformaður:	Óskar Þórmundson, Reykjanesbæ
Ritari:	Magnús Gunnarsson, Hafnarfjarðarbæ
Meðstjórnendur:	Árni Ragnar Árnason, Fjármálaráðuneyti
	Björn H. Guðbjörnsson, Reykjanesbæ
	Guðjón Stefánsson, Iðnaðarráðuneyti
	Guðjón Hjörleifsson, Vestmannaeyjabæ
	Jón Norðfjörð, Sandgerðisbæ
	Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarbæ
	Ómar Jónsson, Grindavíkurbæ
	Sigurður Ingvarsson, Gerðahreppi
	Þóra Bragadóttir, Vatnsleysustrandarhreppi

Varamenn í stjórn voru kjörnir þessir:

Varamenn í	Birgir Þórarinsson, Vatnsleysustrandarhreppi
í stjórn eru nú:	Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ
	Egill Ólafsson, Sandgerðisbæ
	Finnbogi Björnsson, Fjármálaráðuneyti
	Hallgrímur Bogason, Iðnaðarráðuneyti
	Jóhann Einvarðsson, Reykjanesbæ
	Ólafur Guðbjartsson, Grindavíkurbæ
	Ólafur Kjartansson, Gerðahreppi
	Theódór Magnússon, Reykjanesbæ
	Þorsteinn Njálsson, Hafnarfjarðarbæ

Á hluthafafundi þann 20. febrúar bættist í stjórnina Guðjón Hjörleifsson, fyrir Vestmannaeyjabæ og Andrés Sigmundsson, sem varamaður.

Hlutafjáreign í Hitaveitu Suðurnesja hf skiptist þannig 31.12.2002:

Reykjanesbær	2.958.000.000	40,4550%
Ríkissjóður Íslands	1.133.356.000	15,5003%
Hafnarfjarðarbær	1.133.356.000	15,5003%
Grindavíkurbær	623.944.000	8,6564%
Vestmannaeyjabær	511.828.000	7,0000%
Sandgerðisbæ	396.100.000	5,4172%
Gerðahreppur	343.944.000	4,7039%
Vatnsleysustrandarhreppur	202.300.000	2,7667%
Samtals	**6.311.828.000**	**100,0000%**

Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu forstöðu:

Forstjóri:	Júlíus Jónsson
Aðstoðarforstjóri:	Albert Albertsson

Ellert Eiríksson

Óskar Þórmundsson

Magnús Gunnarsson

Árni Ragnar Árnason

Björn H. Guðbjörnsson

Guðjón Stefánsson

Guðjón Hjörleifsson

Jón Norðfjörð

Lúðvík Geirsson

Ómar Jónsson

Sigurður Ingvarsson

Þóra Bragadóttir

Júlíus Jónsson

Albert Albertsson

FJÁRFESTINGAR

Á árinu voru fjárfestingar nokkuð meiri en árið á undan, en samtals námu fjárfestingar í orkuveri og veitukerfum 780 m.kr. og alls 964 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum og voru helstu fjárfestingaliðir þessir:

- Á Reykjanesi voru boraðar tvær borholur, gert við þá þriðju auk þess sem unnið var að undirbúningi virkjunar og var heildarkostnaður ársins 432,6 m.kr.
- Í Svartsengi var unnið við frágang við borholur og orkuver 5 og var kostnaður ársins 26,2 m.kr.
- Í rafveitukerfunum var fjárfest fyrir 147,6 m.kr. sem skiptust þannig að 54,1 voru á Suðurnesjum, 52,9 m.kr. á Hafnarfjarðarsvæðinu og 49,8 m.kr. í Vestmannaeyjum.
- Vegna undirbúnings línubyggingar frá Reykjanesi að Svartsengi var fjárfest fyrir 7,8 m.kr.
- Í dreifikerfum hitaveitu var fjárfest fyrir 35,5 m.kr.
- Í dreifingu gufu á Reykjanesi voru fjárfestar 1,9 m.kr.
- Í undirbúningi stofnæðar til Voga og í ferskvatnskerfi voru fjárfestar 3,9 m.kr.
- Í sjóholur og undirbúning jarðhitaleitar í Eyjum var fjárfest fyrir 7,7 m.kr.
- Í byggingu starfsmannahúss í Svartsengi voru fjárfestar 45,1 m.kr.
- Í nýrri starfsstöð í Hafnarfirði var fjárfest fyrir um 71,6 m.kr.
- Í veltufjármunum svo sem tölvukerfum, farartækjum og vinnuvélum voru fjárfestar 142,4 m.kr.
- Hlutafjárkaup í öðrum félögum námu 41,7 m.kr.

Hola 11 á Reykjanesi var boruð í mars - apríl og varð 2.248 m. djúp en hola 12 var boruð í nóvember - desember og varð 2.506 m. djúp.

Fyrirhuguð er bygging 11 km 220 kV línu frá Reykjanesi að Svartsengi, en hún verður rekin á 132 kV uns framleiðsla eykst

á Reykjanesi í um eða yfir 100 MW. Við orkuver á Reykjanesi verður síðan byggð aðveitustöð og önnur þar sem þessi lína sker línuna Svartsengi - Fitjar.

Keypt var neðri hæðin að Bæjarhrauni 14 í Hafnarfirði, um 720 m^2, og verður starfsstöð fyrirtækisins á Hafnarfjarðarsvæðinu þar í framtíðinni en núverandi húsnæði að Hverfisgötu 29 verður selt. Flutningur starfseminnar í nýtt húsnæði verður um miðjan apríl.

Lokið var byggingu starfsmannahúss í Svartsengi en það er 238 m^2 að stærð með 12 starfsmannaherbergjum, setustofu, eldunaraðstöðu og þvottahúsi. Húsið var formlega tekið í notkun þann 25. október.

Á árinu var tekið upp nýtt hugbúnaðarkerfi hjá fyrirtækinu sem byggir á samtengingu Axapta við K+ orkureikningakerfið með nýju samtengdu launakerfi og síðan Cognos stjórnendahugbúnaði þar ofan á. Gert er ráð fyrir að heildar innleiðingu ljúki fyrri hluta maí mánaðar en í lokahluta er unnið að samtengingum, beiðnaferlum og mannauðskerfi.

FRAMKVÆMDIR - FJÁRFESTINGAR 2002

Þús. kr.

	Dreifik rafm.	Dreifik. hitav.	Aðveitu-stöðvar	Dreifikerfi o.fl vatnsv.	Samtals
Keflavík	13.628	3.642	0	0	17.270
Grindavík	2.389	2.876	0	0	5.265
Njarðvík	27.691	14.818	0	0	42.509
Sandgerði	2.634	2.050	0	0	4.684
Garður	1.911	1.882	0	0	3.793
Vogar	2.245	3.499	0	0	5.744
Hafnir	3.582	0	0	0	3.582
Flugvöllur	0	1.235	0	0	1.235
Flugstöðvarsvæði	0	0	0	0	0
Hafnarfjörður	44.560	0	934	0	45.494
Garðabær	6.502	0	0	0	6.502
Bessastaðahreppur	912	0	0	0	912
Vestmannaeyjar	13.954	5.529	26.647	3.653	49.783
	120.008	**35.531**	**27.581**	**3.653**	**186.773**
Háspennulína Reykjanes - Svartsengi					7.752
Stofnæð að Vogum					276
Sjóholur o.fl. Vestmannaeyjum					7.698
Starfsstöð Hafnarfirði					71.595
Starfsstöð Vestmannaeyjum					28
Orkuver V.				16.471	
„Varmanám; boranir Reykjanesi o.fl.“				386.355	
„Varmanám; frágangur Svartsengi“				9.736	
Starfsmannahús Svartsengi				45.129	
Orkuvinnsla Reykjanesi - umhverfismat o.fl.				46.285	
Orkuvinnsla Reykjanesi - gufudreifikerfi				1.933	505.909
			Orkuver- og veitukerfi samtals		**780.031**
Tölvumál				120.646	
Farartæki- og vinnuvélar				21.714	142.360
Hlutafé Jarðlind ehf				0	
Hlutafé í öðrum félögum				41.640	41.640
			Framkvæmdir og fjárfestingar samtals		**964.031**

STARFSMANNAFÉLAG HITAVEITU SUÐURNESJA hf (SFHS)

Árið byrjaði vel, því í febrúar var stefnan sett á London þar sem árshátíð SFHS var haldin þetta árið. Starfsmenn lögðu mikla vinnu fyrir ferðina því fyrirtækið var hreinsað frá toppi til táar. Farið var með um 50 tonn af rusli á haugana, um 6.400 lítrar af vatni voru notaðir til að hreinsa byggingar fyrirtækisins að innan og í það skoluðust um 2.400 lítrar af ryki. Starfsmenn skiluðu 2.860 vinnustundum upp í ferðina.

Fyrri hópurinn lagði af stað 21. febrúar og var til 24. en seinni hópurinn kom út 23. febrúar og var til 26. Árshátíðin var síðan haldin á hótelinu að kvöldi 23. febrúar. Ferðin heppnaðist mjög vel nema hvað mikið ósætti var með allt það dýraríki sem boðið var upp á á hótelinu. Farið var í margar skoðunarferðir og var ekki annað að heyra en fólk hafi verið mjög ánægt með þær og að sjálfsögðu var verslað og margt fleira.

Aðalfundur SFHS var haldinn í Eldborg 19. apríl. Fyrir utan venjuleg aðalfundastörf fór forstjóri fyrirtækisins yfir og skýrði ársskýrslu HS hf. Þar var og ákveðið að reisa 10 m^2 geymslu við sumarhúsið í Húsafelli og við það breytist sturtuaðstaðan í húsinu og fleira.

Ekki var farin nein haustferð, þar sem farið var til útlanda með árshátíð, en SFHS bauð félagsmönnum til haustfagnaðar í byrjun nóvember þar sem þeir Toggi og Sigurþór stóðu við grillið og grilluðu fyrir gestina.

I haust var farið að sjá sýninguna með Halla og Ladda sem að sjálfsögðu klikkaði ekki.

Lokið var svo sett á skemmtanir ársins með því að félagsmönnum var boðið í jólahlaðborð og létt jólaglögg í byrjun desember.

„Allt er fyndið, svo lengi sem það gerist hjá öðrum“

„Sjaldan er góð vísa of oft kveðin“ og því vill ég fyrir hönd SFHS þakka stjórnendum HS hf það góða viðhorf sem þeir sýna félaginu.

Eigið gleðilegt sumar.

Hallvarður Þ. Jónsson

formaður SFHS

REKSTUR

ORKUVER

Heitavatnsframleiðsla ársins 2002

Hitaveituvatn framleitt í orkuveri auðlindagarðsins í Svartsengi árið 2002 var 9.069.961 tonn sem er um 5% aukning frá árinu áður. Varmaorkuframleiðslan var um 613 GWh, sem er aukning um 26 GWh eða um 4,4%. Mesta mánaðarframleiðsla reyndist vera í mars 887.132 tonn eða 57,8 GWh af nýtanlegri hitaveituorku. Hámarkssólarhringsrennsli var 8. febrúar um 362 l/s. 27. febrúar var hæstur í hitaveituafli 98,3 MW.

Vatnsnotkun á svæði Varnarliðsins var 4.387.485 tonn sem er minnkun um rúm 146 tonn eða um 3,34% milli ára og um 11,86% minnkun frá 1998. Orkunotkun var um 153 GWh sem er minnkun um 4,28% Mesta orkunotkun var í febrúar um 16,9 GWh en hámarksálag einstakan dag var 26. febrúar eða 29,8 MW í varma.

Heitt vatn til byggða á norðanverðum skaganum, mælt frá dælustöð á Fitjum, var 7.717.615 tonn, sem er aukning um 128.000 tonn eða um 1,7%. Mesta hitaveituálag reyndist vera 25. febrúar eða 57,86 MW. Heitt vatn til Grindavíkur var 1.308.590 tonn sem er aukning um 1,26% milli ára og um 12,7% aukning frá 1998.

Vatnsnotkun flugstöðvarsvæðis var 382.219 tonn sem er 28,3% minnkun milli ára en 24% aukning frá 1998. Heildarframleiðsla orkuvers frá upphafi er nú 169.785.299 tonn sem jafngilda um 11.725 GWh.

Borholur - jarðhitavinnsla 2002

Hitastig, þrýstingur og efnainnihald jarðhitavökvans var mælt í jarðhitaholunum á árinu, eins og venja er, og var einkum litið til þrýstibreytinga á 1000 m dýpi. Vinnsla úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi árið 2002 var um 380 kg/s að meðaltali. Heildar upptekt úr vinnslusvæðinu reyndist vera um 11,6 milljónir tonna. Meðalvinnsla undanfarinna þriggja ára hefur verið um 400 kg/s og þar af hefur vinnsla úr gufusvæðinu verið um 100 kg/s.

Á árinu var 1.715.766 tonnum af jarðhitavökva skilað niður í jarðhitageyminn um holu 17 og reyndist meðalrennslið vera um 55 kg/s sem er um 225% aukning frá fyrra ári og nú er stefnt að því að auka niðurrennsli enn frekar á þessu ári, en markmiðið er að tvöfalda magn síðasta árs. Þegar þetta er ritað er skilað að jafnaði um 130 kg/s af jarðhitavökva niður í jarðhitageyminn.

Heildarupptekt úr svæðinu frá upphafi vinnslu er um 199,9 milljónir tonna og heildarniðurrennsli frá upphafi þess er 11.032.531 tonn, sem er svipað magn og nú er unnið árlega úr jarðhitageyminum í Svartsengi. Nettó upptekt á árinu er því um 10,34 milljónir tonna, sem er minnkun um 472 þúsund tonn frá

fyrra ári. Verg upptekt frá upphafi vinnslu er um 188,8 milljónir tonna.

Orkuverið afhenti móttökumannvirki baðlóns heilsulindar Bláalónsins hf 881.315 tonn af jarðhitavökva, 175 °C heitum.

Vinnsla vökva úr jarðhitasvæðinu jókst nokkuð við stækkun virkjunarinnar sem leiddi til aukinnar þrýstilækkunar í geyminum. Gegn aukinni þrýstilækkun er nú unnið með auknu niðurrennsli í holu 17 vestan undir Þorbirni. Einnig hefur þrýstingur í gufupúðanum látið eilítið undan síga. Við þessu er brugðist með því að draga úr vinnslu gufu úr grunnstæðum gufupúðanum og auka

Raforkuframleiðslan 2002 var þessi:

	GWh	Nýt. st.	Nýting %
Vél 1 (AEG - 1,0 MW)	3.922	3.922	44,65%
Vél 2 (AEG - 1,0 MW)	5.387	5.387	61,33%
Vél 3 (Fuji - 6,0 MW)	47.405	7.901	89,95%
Vél 4 (Ormat - 1,2 MW)	9.334	7.778	88,55%
Vél 5 (Ormat - 1,2 MW)	8.838	7.365	83,84%
Vél 6 (Ormat - 1,2 MW)	10.371	8.643	98,39%
Vél 7 (Ormat - 1,2 MW)	8.708	7.256	82,61%
Vél 8 (Ormat - 1,2 MW)	8.250	6.875	78,27%
Vél 9 (Ormat - 1,2 MW)	8.109	6.757	76,93%
Vél 10 (Ormat - 1,2 MW)	8.274	6.895	78,49%
Vél 11 (Fuji - 30,0 MW)	248.021	8.267	94,12%
	366.618	8.162	89,95%
Vél R-1 (Terri - 0,5 MW)	3.031	6.062	69,01%
Caterpillar diesel vél	7		
	369.656	**7.901**	**89,73%**
Diesel vélar Eyjum	66		
	369.730	**7.883**	**89,75%**

vinnslu úr vökvahluta djúpkerfisins ásamt því að auka niðurdælingu, en með því má viðhalda þrýstingi í jarðhitageyminum.

Á árinu 2002 losaði jarðhitasvæðið í Svartsengi sig við tæp 80.000 tonn af koltvíildi og rúm 1.200 tonn af brennisteinsvetni. Svæðið hefur frá upphafi vinnslu losað sig við um 625.000 tonn af koltvíildi og rúm 8.000 tonn af brennisteinsvetni.

Reykjanes

Meðalvinnsla úr gufuholu 9 á Reykjanesi var rúm 30 kg/s árið 2002 og heildarvinnsla á Reykjanesi frá upphafi er orðin tæp 50 milljón tonn. Engar breytingar eru merkjanlegar á styrk efna úr holu 9 á Reykjanesi á árinu 2002.

Árið 2002 losaði háhitasvæðið á Reykjanesi sig við um 1.100 tonn af koltvíildi og tæp 40 tonn af brennisteinsvetni. Heildargaslosun frá upphafi vinnslu nemur því um 33.100 tonnum af koltvíildi og um 1.130 tonnum af brennisteinsvetni.

Raforkuframleiðsla

Rekstur hverfilsamstæða gekk vel á árinu. Vél 11 (30 MW hverfill) framleiddi fullt grunnafl allt árið að fráskildu viðhaldstímabilinu 12. til 31. maí. 30 MW hverfilsamstæðan skilaði um 248 GWh sem er 94,4% nýting. Vél 3 (6 MW) framleiddi fullt grunnafl allt árið að frátöldum 20 viðhaldsdögum, nýting 90,2%. Sameiginleg nýtni sjö Ormat hverfla var um 84% en var árið áður um 82,8%. Heildarraforkuframleiðsla ársins reyndist vera um 369,6 GWh sem er 9,3 GWh minni framleiðsla en árið áður, sem skýrist af viðhaldi 30 MW hverfilsamstæðunnar. Eigin notkun orkuversins í Svartsengi, dælustöðvar á Fitjum og kaldavatnsveitu var samtals um 27,7 GWh. A árinu minnkaði eigin notkunin um 2,4%.

Á Reykjanes fór um 0,47 GWh frá orkuverinu í Svartsengi. Hverfilsamstæðan á Reykjanesi (0,5 MW) skilaði um 1,16 GWh til Svartsengis.

Helstu rekstrartruflanir:

- Þann 2. febrúar kl. 14:32 varð bilun í 33 kV streng við inntak 25 MWA spennis 30 MW orkuversins. Viðgerð á streng lauk kl. 02:00 og voru allar hverfilsamstæður tengdar netinu kl. 02:50 utan ein Ormat sem bilaði.
- Dagana 12. til 31. maí var vél 11 (30 MW hverfill) stöðvuð og reglubundið viðhald framkvæmt. Skerðing framleiðslu vegna þessa var um 13,7 GWh.
- Reglubundið viðhald 6 MW hverfilsamstæðu og gufuveitu var framkvæmt á tímabilinu frá 26. ágúst til 13. september.
- Skráðar rekstrartruflanir á árinu voru 57 talsins en flestar smáar.

ORKUVER SVARTSENGI - FRAMLEIÐSLA 1976 - 2001

	Eining	2002	2001	Breyting 2002 - 2001	Samtals 1976 - 2002
Seld raforka út á net	GWh	341,99	350,64	-2,47%	2.330,88
Eigin notkun raforku	GWh	27,67	28,64	-2,36%	352,41
Samtals	**GWh**	**369,66**	**378,98**	**-2,46%**	**2,683,29**
Vatnsframleiðsla	**Tonn**	**9.069.961**	**8.638.180**	**5,00%**	**169,785,299**
Vatnsframleiðsla (orka)	**GWh**	**613,25**	**587,21**	**4,43%**	**11,725,05**
Upptekt úr jarðhitasvæði	Þús. tonn	11,316	11,580	-2,28%	199,880
Niðurdæling í jarðhitasvæði	Þús. tonn	-1,716	-0,764	124,61%	-11,033
	Þús. tonn	**9,600**	**10,816**	**-11,24%**	**188,847**

HITA- OG VATNSVEITUDEILD

Á árinu voru lagðir um 4,8 km af dreifikerfi og er það nú um 308 km auk 63 km aðveitu- og stofnæða eða alls um 371 km. Í Keflavík var lögð götulögn í hluta Heiðarenda, en heimæðar víðsvegar um bæinn. Í Njarðvík lengdist dreifikerfið mest, alls um 2,8 km, en lagðar voru götulagnir í Klettás og hluta Steinás, en í þessum götum er tvöfalt dreifikerfi. Einnig voru lagðar götulagnir í hluta Lágseylu og Stapabrautar og heimæðar voru lagðar í Steinási, Lágseylu, Njarðarbraut og víðar. Í Grindavík, Sandgerði og Garði voru eingöngu lagðar heimæðar en í Vogum voru lagðar götulagnir í efri hluta Iðndals og hluta Hraunholts og einnig lagt nokkuð af heimæðum. Á Keflavíkurflugvelli var lögð ein heimæð, en tvær voru aftengdar.

Tengdum húsum fjölgaði um 110, mest í Njarðvík þar sem fjölgaði um 34 hús og var heildarfjöldi inntaka í árslok 5.039.

Hemlagrindum fjölgaði um 94, mest í Keflavík þar sem þeim fjölgaði um 25. Vatnsmælum fjölgaði um 3 og voru þá hemlar í árslok 5.336 og vatnsmælar 210 eða samtals 5.546.

Við þjónustu á grindum og inntökum voru 2.163 grindur skoðaðar og þar af 900 vegna notendaskipta. Af þessum 2.163 grindum reyndust 84% vera í lagi, strax var gert við 3% en í um 13% tilfella var stærri viðgerð nauðsynleg.

Af öðrum verkefnum má nefna eftirlit með aðveitu- og stofnæðum, endurnýjun inntaka, viðhald brunna og endurnýjun og málun útloftana.

Í Garði voru kaldavatnsdælur endurnýjaðar í þremur dæluhúsum þ.e. í Árnarétt, við Gerðaveg og við Heiðarbraut og einnig var á árinu lokið við lagfæringu kaldavatns-dæluhúsa í Garði.

Ekki voru miklar hitaveituframkvæmdir í Eyjum á árinu. Sett var upp ný hraðastýrð dæla fyrir framrásarvatn inn á efra dreifikerfi veitunnar og var það fyrsti hluti áætlunar um endurnýjun á dælubúnaði inn á dreifikerfi veitunnar. Lögð var 150 mm aðveituæð frá brunni á Flötum inn í vélarhús FIVE. Tilgangur þeirrar framkvæmdar er að sækja orku frá verksmiðjunni inn á dreifikerfi hitaveitunar, með sama hætti og gert er í FES. Þessari orku hefur hingað til verið hent, en hér er um 2 - 4 MW að ræða eftir hvernig efni unnið er í verksmiðjunni.

Unnið var áfram við fyrirbyggjandi viðhald á inntökum húsa. Á upphafsárum veitunnar var ekki hugað að því að hitaveiturör þurfa að vera einangruð inn fyrir húsvegg, til að raki komist ekki að stálinu. Komið hefur í ljós, að lekar í dreifikerfi verða oft við þessi inntök og er nú unnið með kerfisbundnum hætti að lagfæringu þessarra inntaka. Áfram var unnið í viðhaldi brunna og var yfirferð lokið í miðbænum. Skipt var um lofttúður, brunnar þrifnir, mannop og stigar lagaðir ásamt því að rör voru tæringavarin.

Orkuöflun Hitaveitu Vestmannaeyjum

	2002 KWh	2002 %	2001 KWh	2001 %	Breyting %
Raforka	53.382.600	82,45%	51.297.600	79,91%	4,06%
Sorpeyðingarstöð	7.104.436	10,97%	6.303.564	9,82%	12,71%
Olía	287.850	0,44%	1.480.100	2,31%	-80,55%
Úrgangur	2.106.218	3,25%	957.046	1,49%	120,07%
Orka FES	1.862.935	2,88%	4.154.379	6,47%	-55,16%
	64.744.039	**100,00%**	**64.192.689**	**100,00%**	**1,14%**

Lagðar voru sjö nýjar heimæðar. Unnið var áfram við mælaskipti hjá veitunni og sá verktaki um þá vinnu. Skipt var út 125 rennslismælum og verður haldið áfram með þá vinnu.

Miklar framkvæmdir voru hjá vatnsveitu á árinu. Haldið var áfram viðgerðum á yngri neðansjávarleiðslunni milli lands og Eyja. Settar voru plasthlífar á leiðsluna á um 50 m. kafla vestan við Elliðaey á um 40 metra dýpi.

Lögð voru tvö 315 mm plaströr 5 m. undir Markarfljót. Fljótið er tæpir 300 m þar sem farið var undir og sá Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um verkið, en þeir voru lægstir í útboði. Við þessa framkvæmd á rekstraröryggi veitunnar að aukast, en gamla Markarfljótsbrúin sem vatnsleiðslan liggur nú í, er orðin léleg á kafla. Eftir er að tengja nýju leiðslurnar við aðveituæðina en stefnan er að ljúka því verki á næsta ári.

Endurnýjaðir voru þrír brunahanar á árinu, en ástand brunahana í bænum verður að teljast nokkuð gott. Lokið var við endurbætur á dælustöð veitunnar við Norðurgarð. Voru dælur og raflagnir endurbættar ásamt þrýstikúti. Lagðar voru sjö nýjar heimtaugar á árinu og endurnýjaðir voru 97.

RAFMAGNSDEILD

Aðveita Suðurnes

Árlegar yfirlitsskoðanir á háspennulínum voru framkvæmdar samkvæmt áætlun ásamt alskoðun á ákveðnum möstrum í SF1 (Svartsengi - Fitjar) og SN1 (Hamranes - Fitjar). Helstu lagfæringar eftir þessar skoðanir voru sílanböðun á undirstöðum, upphersla á stögum og lagfæringar á jarðskautsborðum. Kaðall á millislá mastranna í 132kV línunum reyndist það mikið veðr-

TENGT HÚSNÆÐI 31.12.2002

	Íbúð. húsn. m³	Annað m³	Alls m³	%	l/mín	Íbúafj. 01.12.02	%	Tonn húshitun	%
Keflavík	1.229.391	564.635	1.794.026	41,03%	8.078			44.094	
Njarðvík	409.120	332.375	741.495	16,96%	2.701			53.314	
Njarðvík - Flugvöllur	0	69.825	69.825	1,60%	304			0	
Hafnir	17.635	1.522	19.157	0,44%	114			0	
	1.656.146	**968.357**	**2.624.503**	**60,02%**	**11.197**	**10.914**	**64,99%**	**97.408**	**51,99%**
Grindavík	339.905	219.098	559.003	12,78%	2.584	2.382	14,18%	92.525	11,35%
Sandgerði	178.855	137.092	315.947	7,23%	1.458	1.398	8,32%	0	6,66%
Sandgerði - Flugstöðvarsvæði	0	487.659	487.659	11,15%	0	0	0,00%	345.226	0,00%
	178.855	**624.751**	**803.606**	**18,38%**	**1.458**	**1.398**	**8,32%**	**345.226**	**6,66%**
Garður	165.757	58.666	224.423	5,13%	1.132	1.237	7,37%	3.692	5,89%
Vogar	107.588	53.501	161.089	3,68%	739	862	5,13%	16.300	4,11%
Alls	**2.448.251**	**1.924.373**	**4.372.624**	**100,00%**	**17.110**	**16.793**	**100,00%**	**555.151**	**80,00%**
Varnarliðið	663.405	1.179.480	1.842.885		12.878			0	
Alls	**3.111.656**	**3.103.853**	**6.215.509**		**29.988**			**555.151**	

aður að ráðlegt þykir að skipta um hann og mun það verða gert árið 2003.

Bilun varð í riðbreytistöð vegna olíusmits á leguhúsi. Olía smitaði inní loftræstigöng svo þrífa þurfti vindinga í bæði rafala og generator á vél 1. Vél 2 annaði álaginu á meðan viðgerð stóð.

Olíusýni voru tekin af nokkrum spennum og sýnir niðurstaðan úr þeim að gera þarf frekari aðgerðir á sumum þeirra. Upptekt var gerð á tappastillum í Aðveitustöðvum Aðalgötu og Vatnsleysuströnd. Innri skoðanir á aðveitustöð í Garði og Grindavík voru gerðar ásamt ytri skoðun aðveitustöðvar í Grindavík sem var skoðuð af faggiltri skoðunarstofu. Lagfæringar eftir þessar skoðanir hafa gengið vel. Þéttavirki í fjarskiptastöð var sett í fjarskiptastöð í Grindavík til að leiðrétta aflstuðul í kerfinu.

Aðveita Hafnarfjarðarsvæði

Lokið var uppsetningu og tengingu þéttavirkis í Aðveitustöðinni við Öldugötu í Hafnarfirði, en þéttarnir sem eru samtals 900 kvar, 400 V, eru staðsettir og tengdir við sama spenninn og 1.000 kW vararafstöðin, sem er í aðveitustöðinni.

Dreifing háspennu Suðurnesjum

Rafvæðing vegna námuvinnslu við Stapafell og Rauðamel var tímamótaverkefni, en vinnslan þar hefur verið drifin með díselvélum. Þar voru settar tvær dreifistöðvar, önnur við Stapafell og hin við Rauðamel. Þessar stöðvar tengjast háspennustrengnum sem er milli Svartsengis og dælustöðvar á Fitjum. Við þessa framkvæmd þurfti að leggja tæpa 3 km af háspennustreng.

ÝMSAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI REKSTUR 2002

Tafla þessi sýnir viðbætur og breytingar í dreifikerfum HS

	Kefla-vík	Grinda-vík	Njarð-vík	Sand-gerði	Garður	Vogar	Hafnir	Byggð samtals
Rúmmál tengdra húsa - íbúðir	22.902	10.451	10.274	4.244	5.642	10.605	0	64.118
Rúmmál tengdra húsa - annað	7.899	8.437	5.149	1.598	0	21.841	0	44.924
Rúmmál aftengdra húsa - íbúðir	0	0	0	0	0	0	0	0
Rúmmál aftengdra húsa - annað	0	0	0	0	0	0	0	0
	30.801	18.888	15.423	5.842	5.642	32.446	0	109.042
Sala um mæla húsh.(m^3)	44.094	92.525	53.314	345.226	3.692	16.300	0	555.151
Sala til sundlauga (m^3)	159.194	97.387	23.043	42.271	69.022	34.586	0	425.503
Sala um mæla iðn.not(m^3)	64.797	109.969	13.495	24.301	16.951	1.541	0	231.054
Sala til sérstakra iðn.nota (m^3)	0	5.112	136.076	54.939	112.295	209.663	0	518.085
	268.085	304.993	225.928	466.737	201.960	262.090	0	1.729.793
Sala á ferskvatni (m^3)	2.238.079	1.164.479	862.922	769.492	412.656	0	0	5.447.628
Sala um hemla 1.1.2002 l/m	7.976	2.494	2.954	1.438	1.095	677	114	16.748
Sala um hemla 31.12.2002 l/m	8.078	2.584	3.005	1.458	1.132	739	114	17.110
Viðbætur 2002 %	1,28%	3,61%	1,73%	1,39%	3,38%	9,16%	0,00%	2,16%

Flugstöðin og aðrar byggingar þar eru taldar með Sandgerði. Byggingar á Varnarsvæðinu sem HS selur beint til eru taldar með Njarðvík.

Þrjár nýjar dreifistöðvar voru einnig settar upp, við Stofnfisk í Höfnum vegna aukinnar aflþarfar í fiskeldinu þar, í Steinás sem er nýtt hverfi og þjónar Steinás/Klettás og í Heiðarholti í Keflavík var bætt við dreifistöð til að jafna álagi af nærliggjandi stöðvum og auka gæði spennu á því svæði. Byrjað var á endurnýjun dreifistöðvar við malbikunarstöð í Helguvík en þar hefur þjónað gömul dreifistöð í gám. Í Iðndal í Vogum var lokið við að leggja háspennustreng frá aðveitustöðinni að iðnaðarsvæði og í þremur dreifistöðvum þurfti að setja stærri spenna vegna aukins álags, tveimur í Grindavík og einni í Garði.

Dreifing háspennu Hafnarfjarðarsvæði

Lagður var 12 kV háspennustrengur 1.060 m frá dreifistöð við Ásvelli í Hafnarfirði að fyrsta hluta nýja byggingasvæðisins á Völlum í Hafnarfirði og sett upp dreifistöð fyrir hverfið. Í iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni í Hafnarfirði var sett upp ný dreifistöð sem þjónar fyrirtækjum syðst í hverfinu og lagður 525 m háspennustrengur að henni. Sett var upp ný dreifistöð við Óseyrarbraut í Hafnarfirði en hún þjónar m.a. olíubirgðastöð sem verið er að reisa á nýja hafnarsvæðinu í Hafnarfirði. Lokið var við upp-

setningu á dreifistöð sem þjónar aðallega flotkvíum við höfnina og stækkuð heimtaug að þeim. Unnið var við skoðanir og lagfæringar á dreifistöðvum í Hafnarfirði samkvæmt öryggisstjórnunarkerfi Hitaveitunnar.

Eftirlits- og skoðunarmál

Svokallaðar innri skoðanir, sem eru skoðanir á eigin virkjum, hafa gengið samkvæmt áætlun sem er tvær stöðvar á mánuði. Ytri skoðanir eru framkvæmdar af faggiltri skoðunarstofu og gengu þær einnig eftir eins og krafa þar um segir til. Lagfæringar eftir þessar skoðanir hafa gengið vel og stefnt að því að ljúka þeim í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá skoðun.

Dreifing lágspennu Suðurnesjum

Stofnlagnir í ný hverfi voru helstar í Steinás, Klettás og Lágseylu í Njarðvík og Silfurtún í Garði auk sumarhúsahverfis við Þóroddsstaði í Sandgerði. Lokið var við að leggja stofnlagnir í Heiðarenda. Heimtaugalagnir fóru hægt af stað en urðu 114 á árinu, ásamt rúmum 30 vinnuheimtaugum. Þar er helst að telja heimtaugar í ný hverfi svo sem Kríuland og Silfurtún í Garði, Vallarhverfi í Grindavík, Steinás/Klettás og Lágseylu í Njarðvík. Auk þessa var talsvert um heimtaugar þar sem byggð var að þéttast í hverfum sem ekki eru fullbyggð. Stærri heimtaugar voru lagðar í Saltfisksetur í Grindavík, Norma í Vogum, Stofnfisk í Höfnum, námuvinnslu við Stapafell og Rauðamel og Iðavelli í Keflavík.

Endurnýjaðar voru lagnir í Tunguvegi, styrking dreifikerfis við Stapabraut, ásamt minni háttar endurnýjunum nokkuð víða.

Götulýsing var sett í ný hverfi (íbúðargötur og tengigötur) og viðhald eldri lýsingar var einnig talsvert ásamt endurnýjun lampa og staura.

Varnar-liðið	Samtals	Vestmanna-eyjar	Samtals
0	64.118	0	64.118
0	44.924	0	44.924
0	0	0	0
-49.598	-49.598	0	-49.598
-49.598	59.444	0	59.444
0	555.151	787.101	1.342.252
0	425.503	0	425.503
4.289	235.343	362.140	597.483
0	518.085	0	518.085
4.289	1.734.082	1.149.241	2.883.323
1.682.330	7.129.958	623.959	7.753.917
13.188	29.936		29.936
12.878	29.988		29.988
-2,35%	0,17%		0,17%

Dreifing lágspennu Hafnarfjarðarsvæði

Helstu verkefni við lágspennukerfið í Hafnarfirði voru að lagt var dreifikerfi í fyrsta hluta Valla svæðisins ásamt tengingu heimtauga í Áslandshverfinu og iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni. Lagðir voru lágspennustrengir að Lækjarskóla í Hafnarfirði og breytingar gerðar á lögnum á svæðinu. Vegna lagfæringa á Tjarnarbraut voru nokkrar heimtaugar þar endurnýjaðar um leið og aðrar veitur endurnýjuðu sínar lagnir.

Í Garðabæ var haldið áfram að tengja heimtaugar í Hraunsholtshverfinu og sett var upp götulýsing fyrir Garðabæ í hverfið, ásamt lýsingu á göngustíga.

Samtals voru tengdar 223 nýjar heimtaugar á Hafnarfjarðarsvæðinu, sem skiptast þannig að í Hafnarfirði voru 139, í Garðabæ 71 og í Bessastaðahrepp 13 stk. Auk þess voru tengdar samtals 88 vinnuheimtaugar á Hafnarfjarðarsvæðinu.

Stærri heimtaugar voru lagðar í Marel í Garðabæ og vélsmiðju Hjalta Einarssonar við Berghellu. Lokið var uppsetningu á götulýsingu í Áslandi og í iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni en við

samruna Rafveitu Hafnarfjarðar og Hitaveitunnar var ákveðið að Hitaveitan mundi ljúka við og kosta uppsetningu götulýsingar við þær götur sem voru tilbúnar þá. Vinna er hafin við að koma upplýsingum um dreifikerfið á Hafnarfjarðarsvæðinu í tölvutækt form, en hluti kerfisins var ekki til þannig.

Skoðun á götuskápum gekk samkvæmt áætlun, lagfæringar hafa verið gerðar á þeim þáttum er varðar öryggi og merkingar

HEMLAR OG MÆLAR

	HEMLAR			MÆLAR		
Staður	Fjöldi 31.12.01	Breyting 2002	Fjöldi 31.12.02	Fjöldi 31.12.01	Breyting 2002	Fjöldi 31.12.02
Keflavík	2.295	25	2.320	47	2	49
Grindavík	752	22	774	52	1	53
Njarðvík	772	22	794	29	2	31
Sandgerði, Rockville	448	5	453	26	0	26
Garður	386	10	396	22	0	22
Vogar	242	13	255	11	-1	10
Hafnir	45	0	45	1	0	1
	4.940	**97**	**5.037**	**188**	**4**	**192**
Keflavíkurflugvöllur (USA)	272	-4	268	2	-1	1
Keflavíkurflugvöllur (Ísl.)	22	1	23	2	0	2
Radarstöð H1	1	0	1	0	0	0
Fjarskiptastöð Grindavík	4	0	4	0	0	0
Keflavíkurflugvöllur	299	-3	296	4	-1	3
Flugstöðvarsvæði	3	0	3	15	0	15
Samtals	**5.242**	**94**	**5.336**	**207**	**3**	**210**
Vestmannaeyjar	0	0	0	1.390	0	1.390
Samtals	**5.242**	**94**	**5.336**	**1.597**	**3**	**1.600**

og gerð hefur verið áætlun um aðrar lagfæringar. Skoðun, upplýsingaöflun og skráning á götuskápum er að mestu lokið á Suðurnesjasvæðinu en er rétt að byrja á Hafnarfjarðarsvæðinu.

Uppsetning á fjaraflesturmælum hefur gengið nokkuð vel á árinu og eru flestir toppmælar komnir í fjaraflestur, búið er að setja upp 96 fjaraflesturmæla á öllu svæðinu.

Vestmannaeyjar

Endurnýjaðar voru allar raflagnir í Faxastíg milli Skólavegs og Heiðarvegs. Settar voru nýjar heimtaugar inn í öll hús ásamt því að endurnýjaðar voru allar stofnlagnir alveg frá spennistöð. Skipt var um alla gatnalýsingu við götuna og gangstéttir endurnýjaðar. Verkið var unnið í samvinnu við Símann og var þetta fimmta árið sem þessi fyrirtæki vinna saman í lagnamálum.

Skipt var um allan rafbúnað í spennistöð Höfðastöð og stöðin lagfærð að innan sem utan. Breyting var gerð á háspennu-

fellti stöðvarinnar, spennir endurnýjaður og gengið frá nýjum lágspennubúnaði. Breyting var gerð á rofastöð í FIVE vegna stækkunar verksmiðjunnar. Var stöðin minnkuð til muna og færa þurfti háspennustrengi ásamt rofafellti stöðvarinnar.

Lagður var nýr 33 kV háspennustrengur frá aðveitustöð 1 við Skildingaveg að nýrri aðveitustöð 3, sem byggð var fyrir raf-

DREIFIKERFI OG HEIMÆÐAR

	DREIFIKERFI (Pípul.)			HEIMÆÐAR (Inntök)		
	Lengd 31.12.01	Viðbætur 2002	Lengd 31.12.02	Fjöldi 31.12.01	Viðbætur 2002	Fjöldi 31.12.02
Keflavík	85.296	422	85.718	2.023	13	2.036
Grindavík	41.206	329	41.535	747	22	769
Njarðvík	36.729	2.792	39.521	743	34	777
Sandgerði - Rockville	25.675	427	26.102	443	9	452
Garður	24.630	241	24.871	377	17	394
Vogar o.fl.	16.645	601	17.246	236	16	252
Hafnir	2.988	0	2.988	45	0	45
H - 1	674	0	674	1	0	1
Flugvöllur	65.679	0	65.679	302	-1	301
Flugstöð	4.114	0	4.114	12	0	12
Samtals	303.636	4.812	308.448	4.929	110	5.039
Vestmannaeyjar	67.400	0	67.400	0	0	0
Samtals	371.036	4.812	375.848	4.929	110	5.039

Heildarlengd á pípum í kerfinu á Suðurnesjum er nú 308,4 km.
Á Keflavíkurflugvelli og við flugstöðina er tvöfalt kerfi og einnig er tvöfalt kerfi í hluta Njarðvíkur, en þar eru bakrennslispípur 600 metrar.
Lenging lagna í dreifikerfinu var 1,58% á árinu 2002 (var 1,77% 2001).
Lenging lagna í dreifikerfinu, utan flugvallar var 2,08% á árinu 2001 (var 2,52% 2001).
Viðbótarfjöldi inntaka í byggðum, utan flugvallar, var 2,23% á árinu 2002 (var 1,87% 2001).

skautaketil Vinnslustöðvar Vestmannaeyja hf. Settur var upp 20 MW spennir fyrir ketilinn og nýtt háspennufellt í aðveitustöð 1. Breyta þurfti mælingum fyrir Rarik og Landsvirkjun samhliða þessum framkvæmdum og sáu starfsmenn í Eyjum um þá vinnu.

Áfram var unnið að endurnýjun gatnalýsingar í bænum með það að markmiði að eyða allri kvikasilfurslýsingu.

Lagðar voru þrjár nýjar heimtaugar yfir 300 A og þrjár 63A heimtaugar og endurnýjaðir sölumælar voru 38 á árinu.

Rekstrartruflanir

Helstu bilanir í raforkukerfinu voru þessar:

- Þann 5. janúar sló Hafnalína út vegna seltu og síðan aftur þann 7. janúar
- Þann 3. febrúar fór allt rafmagn af Suðurnesjum vegna bilunar í tengibúnaði í orkuverinu í Svartsengi.
- Þann 3. júni var grafið í streng vegna vinnu á Vatnsleysuströnd sem olli rafmagnsleysi í svínabúinu ásamt nokkrum bæjum.
- Hinn 9. september var við girðingarvinnu í Helguvík borað í 36 kv streng og fór rafmagn af í stórum hluta Keflavíkur, í Sandgerði, Garði og í riðbreytistöð.
- Aðfaranótt 10. júlí varð Hafnarfjarðarsvæðið straumlaust í eina og hálfa klukkustund vegna bilunar sem varð í 11 kV streng sem síðan leysti út allt svæðið. Unnið hefur verið við stillingar á liðaverndinni í aðveitustöðinni við Öldugötu í

Hafnarfirði til þess að hindra að þetta geti gerst aftur.

- Tvær aðrar bilanir urðu á 12 kV strengjum, önnur laugardaginn 2. mars í streng sem liggur milli dreifistöðvar við Selvogsgötu og dreifistöðvar við Lækjargötu og urðu við það þrjár dreifistöðvar straumlausar í um 45 mínútur.
- Hin bilunin varð miðvikudaginn 14. ágúst í streng sem liggur milli dreifistöðvar við Hverfisgötu og dreifistöðvar við Reykjavíkurveg og urðu nokkrar dreifistöðvar straumlausar í um 30 mínútur.

Innkaupa- og birgðadeild

Á árinu var gengið frá 29 nýjum erlendum vörupöntunum á móti 32 árið áður. Bankagreiðslur vegna erlendra innkaupa voru

HITAVEITA SUÐURNESJA - RAFORKA

Sala / Notkun / Öflun 2002 - 2001

KWh

	Alm.taxtar	Hitataxtar	Roft. ofl.	Afltaxtar	Samtals	Varnarlið
Suðurnes 2002	70.190.276	4.466.977	2.098.430	51.802.480	128.558.163	67.216.624
Suðurnes 2001	66.709.027	4.600.557	2.172.064	48.694.120	122.175.768	66.957.697
Breyting %	5,22%	-2,90%	-3,39%	6,38%	5,22%	0,39%
Hafnarfjörður 2002	83.423.575	1.591.835	5.417.279	14.368.780	104.801.469	0
Hafnarfjörður 2001	69.269.381	5.122.255	4.633.320	13.545.250	92.570.206	0
Breyting %	20,43%	-68,92%	16,92%	6,08%	13,21%	
Vestmannaeyjar 2002	16.282.070	6.698.384	122.909	17.329.430	40.432.793	0
Vestmannaeyjar 2001	15.191.538	6.727.973	164.803	17.359.949	39.444.263	0
Breyting %	7,18%	-0,44%	-25,42%	-0,18%	2,51%	
Samtals 2002	169.895.921	12.757.196	7.638.618	83.500.690	273.792.425	67.216.624
Samtals 2001	151.169.946	16.450.785	6.970.187	79.599.319	254.190.237	66.957.697
Breyting %	12,39%	-22,45%	9,59%	4,90%	7,71%	0,39%

um 54,7 m.kr., greidd aðflutningsgjöld um 2,1 m.kr., flutningskostnaður um 3,0 m.kr. og vátryggingar um 0,2 m.kr. Beinn útlagður kostnaður var því um 60 m.kr. á móti 90 m.kr. árið 2001. Ýmis annar kostnaður vegna erlendra vörukaupa, svo sem innanlandsflutningar, umsjón og fleira, gæti numið um 1 m.kr. Erlendum pöntunum fækkar þannig lítillega milli ára og verðmæti þeirra einnig um þriðjung. Innlendum pöntunum, er innkaupadeild annaðist, fjölgaði hins vegar verulega eða í um 640 úr um 400 árið 2001. Verðmæti þeirra var frá nokkrum þúsundum til milljóna.

Engin útboð voru auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu á árinu frekar en árið 2001. Útboð auglýst innanlands voru þrjú. Í maí var Vogageymir auglýstur til niðurrifs/brottflutnings, í júní var óskað eftir tilboðum í 16MVA spenni fyrir Vestmannaeyjar og í desember eftir tilboðum í breytingar og fullnaðarfrágang á nýrri starfsstöð í Hafnarfirði.

Eins og greint var frá í ársskýrslu fyrir árið 2001 var á haustmánuðum það ár hafist handa við endurskoðun á vöruflokkum og vörunúmerum. Byggt var upp kerfi þar sem eru yfirflokkar fyrir megin tegundir efnis og þeim síðan skipt í undirflokka, hæfilega marga og stóra þannig að kerfið er nú mjög aðgengilegt og gagnsætt og leit að ákveðinni vöru fljótleg. Nýtt númerakerfi byggt á þessari flokkun styður þessa uppbyggingu vel. Lokið var við gerð þessa kerfis og það tekið í notkun í apríl samtímis því að birgða-

Ótryggð sala	Eigin not töp o.fl.	Samtals
32.558.850	41.158.592	269.492.229
27.105.150	42.834.297	259.072.912
20,12%	-3,91%	4,02%
0	162.531	104.964.000
0	4.850.794	97.421.000
	-96,65%	7,74%
1.147.642	2.122.644	43.703.079
0	2.416.880	41.861.143
	-12,17%	4,40%
33.706.492	43.443.767	418.159.308
27.105.150	50.101.971	398.355.055
24,35%	-13,29%	4,97%

bókhaldið var flutt úr Concorde-birgðakerfinu í hið nýja upplýsingakerfi Axapta. Áður hafði vörulagerinn í Hafnarfirði verið endurskráður og settur í Concorde. Seint á árinu 2002 var síðan hafist handa við að skrá Vestmannaeyjalagerinn í hið nýja númerakerfi og hann fluttur yfir í Axapta í lok nóvember. Allt birgðahald fyrirtækisins hefur því nú verið sameinað í einu birgðakerfi og flokkun og uppbygging vörunúmera orðin mjög aðgengileg og gagnsæ. Birgðakerfið býður uppá ýmis „tól“ til stýra innkaupum og birgðahaldi með hagkvæmni að leiðarljósi og unnið verður að því á næstu mánuðum að taka þessi tól í notkun. Vonast er til þess að þegar fram í sækir verði þetta til þess að innkaup verði markvissari og birgðahald minna og hagkvæmara.

Birgðageymslur fyrirtækinsins eru nú fjórar, þ.e. í Njarðvík, Svartsengi, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum og starfsmenn sex talsins. Eins og áður segir hefur verið stefnt að því að draga úr birgðahaldi svo sem kostur er. Þetta gekk eftir á árunum 1998 til 2000 en þá lækkaði birgðavirði úr um 221 m.kr. í um 184 m.kr. Síðan þá hefur orðið aukning og í lok ársins 2002 var virði birgða um 246 m.kr. Að miklu leyti skýrist þetta af sameiningum við Hafnarfjörð og Vestmannaeyjar og að hluta af efni og varahlutum er tengjast nýjasta áfanga orkuversins, orkuveri 5. Hluti skýringar er þó sennilega að á undanförnum árum hefur mikil orka farið í þá endurskipulagningu sem hér hefur verið greint frá og sameiningar og ekki hefur gefist nægur tími til að skipuleggja innkaup og birgðahald sem skyldi. Stöðugt er unnið að talningum og stefnan sú að vera með talningar í gangi allt árið eftir því sem tími gefst til hverju sinni frekar en að framkvæma heildartalningu í árslok ár hvert. Með hinu nýja birgðakerfi gefst m.a. kostur á að fylgjast með fjölda afgreiðslna af lagerum. Á átta mánaða tímabili árið 2002, þ.e. maí til desember voru afgreiðslur alls um 3.400 eða um 426 á mánuði. Þessar

ORKUÖFLUN

	2002	2001	Breyting
Landsvirkjun - forg.orka Suðurnes	-25.852.000	-23.678.000	9,18%
Landsvirkjun - forg.orka Hafnarfjörður	104.964.000	97.421.000	7,74%
Rarik - Vestmannaeyjar	42.491.130	41.723.723	1,84%
	121.603.130	**115.466.723**	**5,31%**
Landsvirkjun - ótrygg orka Suðurnes	32.556.000	27.104.000	20,12%
Rarik - ótrygg orka Vestmannaeyjar	1.145.509	0	
	155.304.639	**142.570.723**	**8,93%**
Orkuver Svartsengi	366.625.159	378.742.902	-3,20%
Terri Reykjanesi	3.031.070	511.010	493,15%
Vélar Vestmannaeyjum	66.440	137.420	-51,65%
	369.722.669	**379.391.332**	**-2,55%**
Eigið orkuver - stóriðja	-106.868.000	-123.607.000	-13,54%
	262.854.669	**255.784.332**	**2,76%**
	418.159.308	**398.355.055**	**4,97%**

SKIPTING ORKUNOTKUNAR

Forgangsorka - sala Suðurnesjum	128.558.163	122.175.768	5,22%
Forgangsorka - sala Hafnarfirði	104.801.469	92.570.206	13,21%
Forgangsorka - sala Vestmannaeyjum	40.432.793	39.444.263	2,51%
Forgangsork - varnarliðið	67.216.624	66.957.697	0,39%
	341.009.049	**321.147.934**	**6,18%**
Ótryggð orka	33.706.492	27.105.150	24,35%
	374.715.541	**348.253.084**	**7,60%**
Forgangsorka - eigin not - töp	43.443.767	50.101.971	-13,29%
	418.159.308	**398.355.055**	**4,97%**

GREIDD ORKUKAUP

Landsvirkjun - Suðurnes	68.279.000	77.713.000	-12,14%
Landsvirkjun - Hafnarfjörður	104.964.000	97.422.000	7,74%
Rarik - Vestmannaeyjar	42.491.130	41.723.723	1,84%
	215.734.130	**216.858.723**	**-0,52%**
Ótryggð orka	33.701.509	27.104.000	24,34%
	249.435.639	**243.962.723**	**2,24%**

NOTKUN / AFHENDING ORKU

Landsvirkjun/Rarik forgangsorka	121.603.130	115.466.723	5,31%
Landsvirkjun/Rarik ótrygg orka	33.701.509	27.104.000	24,34%
	155.304.639	**142.570.723**	**8,93%**
Eigin framleiðsla	369.722.669	379.391.332	-2,55%
	525.027.308	**521.962.055**	**0,59%**
Til Landsvirkjunar	106.868.000	123.607.000	-13,54%
Almenn orkusala	273.792.425	254.190.237	7,71%
Varnarliðið	67.216.624	66.957.697	0,39%
Ótryggð orka	33.706.492	27.105.150	24,35%
Saltverksmiðjan	421.120	405.440	3,87%
Áætluð götulýsing Suðurnesjum	4.150.000	4.000.000	3,75%
Eigin notkun orkuvera og dælustöðva	27.667.696	28.337.748	-2,36%
Töp	11.204.951	17.358.783	-35,45%
	525.027.308	**521.962.055**	**0,59%**

EIGIN FRAMLEIÐSLA OG NOTKUN HENNAR

Framleiðsla Suðurnesjum	**369.656.229**	**379.253.912**	**-2,53%**
TIL LANDSVIRKJUNAR SAMKVÆMT SAMNINGUM	200.999.000	225.074.000	-10,70%
TIL ALMENNRAR ENDURSÖLU	140.471.178	124.899.571	12,47%
EIGIN NOTKUN	27.667.696	28.337.748	-2,36%
TÖP REYKJANESI	518.355	942.593	-45,01%
	369.656.229	**379.253.912**	**-2,53%**

upplýsingar verða framvegis m.a. notaðar til þess að skipta birgðakostnaði niður á einstakar deildir svo og til að kanna leiðir til hagræðingar.

Frá því Hafnarfjarðar- og síðar Vestmannaeyjalagerinn voru færðir yfir í Axapta á árinu hefur innkaupadeild séð um öll innkaup á lagervörum sem m.a. má sjá á verulegri aukningu á innlendum innkaupapöntunum frá fyrra ári.

Innkaupastjórahópur Samorku, sem Hitaveitan á fulltrúa í, stóð fyrir sameiginlegu útboði á götuljósastaurum á EES-svæðinu. Á grundvelli útboðsins var samið við Sandblástur og Málmhúðun á Akureyri um kaup á staurum í þrjú ár. Nokkrar veitur stóðu saman að innkaupum á hitaveitumælum og hafinn var undirbúningur að sameiginlegu útboði á götuljósum. Ekki þótti fýsilegt á þessu stigi að sameinast um útboð á götuljósaperum en menn eru vakandi fyrir möguleikum á frekari samvinnu á þessu sviði og rætt hefur verið um plaströr og einangruð hitaþolin plaströr.

VIÐHALDSDEILD

Viðhaldsdeildin annast allt viðhald og umhirðu húseigna HS á Suðurnesjum og hefur lítillega komið að þeim málum í Hafnarfirði. Vinna þessi er unnin í nánu samráði við stjórnendur rafmagns- og vatnsdeilda og orkuvers eftir því sem við á. Viðhaldsstjóri annast einnig öll samskipti við samningsbundna verktaka í helstu iðngreinum. Starfsmenn deildarinnar eru þrír.

Húseignir HS á Suðurnesjum eru fjölmargar. Aðveitustöðvar rafmagns eru 17, dreifistöðvar um 160 og á Keflavíkurflugvelli er riðbreytistöð í eigu HS. Dælustöðvar og borholuhús fyrir heitt og kalt vatn eru á ýmsum stöðum, heitavatnsgeymar eru 5 og kaldavatnsgeymar 4 en HS annast öflun á köldu neysluvatni á Suðurnesjum og flutning að bæjarveitum. Í Svartsengi eru orkuversbyggingarnar ásamt verkstæðis/geymslu/lagerbyggingu, mötuneytis- og kynningarhúsið Eldborg og nýtt starfsmannahús er tekið var í notkun í október. Í Njarðvík eru aðalbirgðageymsla fyrirtækisins, skrifstofubygging, geymsluhús og trésmíðaverkstæði og hús að Brekkustígur 38, sem er í útleigu.

Þó svo þessi upptalning sé ekki tæmandi er ljóst að húseignir HS eru margar og í mörg horn að líta varðandi viðhald og umhirðu. Það er því ekki á færi starfsmanna viðhaldsdeildar einnar að annast alla þessa vinnu og því er leitað til nokkurra verktaka sem gerðir voru samningar við fyrir tveimur árum eins og áður

hefur verið greint frá. Viðhaldsstjóri annast, eins og áður segir, öll samskipti við þessa verktaka og vinna þeir ýmist í tímavinnu skv. umsömdum tímatöxtum úr útboðinu eða skv. umsömdu föstum upphæðum fyrir ákveðin verk.

Stefna fyrirtækisins er að stunda fyrirbyggjandi viðhald á sem hagkvæmastan hátt og að húseignir séu ætíð í góðu standi og HS til sóma. Mikið er því lagt upp úr reglulegu/árlegu eftirliti og skoðunum sem viðhaldsáætlun næsta árs er byggð á. Þessi vinna er í umjá viðhaldsstjóra og tekur hann þannig virkan þátt í gerð fjárhagsáætlana.

Meðal verkefna það sem af er árinu eru útveggjaviðgerðir og málun nokkurra aðveitu- og dælustöðva og skrifstofubyggingar að Brekkustig 36 og endurnýjun á þak- og útveggjaklæðningum á dælustöð fyrir neysluvatn í Garði. Í Svartsengi var m.a. innréttuð ný skrifstofa fyrir viðhaldsstjóra orkuversins. Unnið hefur verið að viðgerðum á flísalögðum gólfum í Eldborg ásamt reglubundnu viðhaldi þar. Í nýja starfsmannahúsinu sá viðhaldsdeildin um að koma fyrir húsgögnum og ýmsum öðrum búnaði, uppsetningu lykla- og aðgangskerfis o.fl.

Steyptir hafa verið sökklar undir nýjar dreifistöðvar og nýjum stöðvum komið fyrir. Allar staurastæður í línunum frá Hamranesi til Fitja og í línunni frá Svartsengi til Fitja voru merktar bæði með númerum og varúðarmerkjum. Unnið hefur verið við frágang lóða við aðveitu- og dreifistöðvar í samvinnu við jarðvinnuverktaka. Á Keflavíkurflugvelli og í Grindavík var unnið við viðgerðir á hitaveitubrunnum.

Helstu verkefni viðhaldsdeildarinnar eru þó við rafmagnskerfið en hún annast reglubundna umhirðu, innan- sem utanhúss, og eftirlit með öllum aðveitu- og spennistöðvum. Komið var á föstu skipulagi við þessa vinnu fyrir nokkrum misserum og þykir vel hafa til tekist.

Ótaldar eru fasteignir HS í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum sem eru fjölmargar. Viðhaldsdeildin hefur lítillega komið að viðhaldsmálum í Hafnarfirði en að öðru leyti hafa svæðisstjórar haft yfirumsjón með viðhaldi bygginga þar sem ýmist er unnið af eigin mannskap eða verktökum.

UPPLÝSINGASVIÐ

Allnokkrar breytingar hafa orðið á „stjórnbúnaðar- og mælitækjadeild“ á árinu sem liðið er. Deildinni var skipt í tvennt og hluti hennar nefndur „upplýsingasvið“. Starfsmenn stjórnbúnaðar- og mælitækjadeildar voru orðnir fjórir eftir að í hópinn bættist Borgar Bragason. Starfsemi deildarinnar var skipt upp á þann hátt, að stjórnbúnaður og skjámyndakerfi heyra nú undir yfirstjórn orkuversins en þeir sem annast upplýsinga og tölvumál tilheyra upplýsingasviði fyrirtækisins.

Síðasta ár hefur mjög einkennst af gangsetningu upplýsingakerfis sem valið var á árið áður og hefur krafist mikils tíma og starfsframlags af mörgum innan fyritækisins og er ánægjulegt að sjá hversu samhentir starfsmenn fyrirtækisins hafa verið við að koma þessum breytingum á. Áður en hafist var handa við innleiðinguna var starfsfólki fyrirtækisins gerð grein fyrir því að við innleiðingu nýrra upplýsingakerfa reyndi mikið á þolrif manna og hefur það líka orðið raunin á köflum. Eru öllum starfsmönnum þakkað þeirra framlag og þakkað fyrir áhugann, þolinmæðina, færnina og skilninginn sem þeir hafa lagt þessu verkefni til.

Nú er svo komið að fyrirtækið hefur tekið í notkun samhæft fjárhags-, birgða-, verkbókhalds-, eigna- og launakerfi í Axapta, ásamt því að hefja notkun á Outlook póstkerfinu. Þetta gerðist á þessu eina ári hjá fyrirtækinu og á öllum starfssvæðum þess, ásamt því að skipta var um orkureikningakerfi í Vestmannaeyjum, þannig að miklu grettistaki var lyft á árinu.

Samstarfið við Ax hugbúnaðarhús hefur verið ánægjulegt og ljóst að fyrirtækið hefur yfir að ráða mjög hæfu starfsfólki sem ekki hræðist áskoranir og hafa jafnframt vonandi lært eitthvað af samstarfinu við okkur - því við höfum margt af þeim lært. Sett var upp starfsaðstaða fyrir starfsmrnn Ax í fundarherbergi á neðri hæð á Brekkustíg og hafa þeir haft þá starfsaðstöðu, ásamt þeim mönnum frá HS sem hafa verið að vinna mest í verkefninu. Þessi aðferðafræði við innleiðinguna hefur sannað gildi sitt því menn hafa náð að vinna vel saman að verkefninu.

Innleiðingunni á upplýsingakerfinu átti að ljúka um síðustu áramót samkvæmt verkáætlun, en verkið hefur tafist m.a. vegna sameiningu Bæjarveitna Vestmannaeyja við fyrirtækið, ásamt því að um mánaðar seinkun varð á gangsetningu fjárhagskerfisins. Eftir er að innleiða hluta af verkbeiðnaferlum ásamt viðskiptavinakerfi (CRM) og vasaútgáfu af mannauðskerfi (HRM). Reiknað er með að verkinu ljúki í byrjun maí.

Starfsmannahald

Eins og á árinu á undan voru nokkuð miklar breytingar á starfsmannahaldi á árinu, nú vegna sameiningar Bæjarveitu Vestmannaeyjar við Hitaveitu Suðurnesja hf (HS). Við sameininguna jókst fjöldi starfsmanna HS um 18 í 15,9 stöðugildum sem skiptust niður í rafmagndeild, hitaveitudeild, ferskvatnsdeild, skrifstofu og birgðahald. Einnig urðu nokkrar breytingar í starfsmannahaldi fyrirtækisins, Ingibjörg Magnúsdóttir sagði upp störfum í mötuneyti HS á Brekkustíg og í stað hennar kom Matthildur Gunnarsdóttir. Á lager fyrirtækisins í Svartsengi urðu mannaskipti, en Pétur Vilbergsson sem starfað hefur um all langt skeið hjá fyrirtækinu fór til annara starfa og kom Eiríkur Bjarki Eysteinsson í hans stað. Þeim Pétri og Ingibjörgu eru þökkuð vel unnin störf í þágu fyrirtækisins. Borgar Þór Bragason sem hefur starfað hjá fyrirtækinu í mörg sumur lauk námi í rafmagnstæknifræði sl vor og hóf störf í Svartsengi. Haukur Jónsson sem hefur verið verktaki hjá fyrirtækinu nánast frá upphafi var ráðinn sem fastur starfsmaður um sl. áramót í mötuneyti fyrirtækisins í Svartsengi. Þær breytingar voru gerðar á aflestrarmálum fyrirtækisins, að í stað þess að vera með aflesara í hlutastörfum í hverju bæjarfélagi fyrir sig á Suðurnesjum var starfsmaður ráðinn í fullt starf sem aflestrarmaður. Aflesurum eru þökkuð góð störf í þágu fyrirtækisns. Breytingar urðu á rekstri Eldborgar í Svartsengi og við það fluttist Þor-

steinn Jónsson (Eldborgarjarlinn) á Brekkustíg og sinnir störfum við heimasíðugerð o.fl. Starfsmannafjöldi Hitaveitu Suðurnesja hf er því orðinn 120 í 114,9 stöðugildum.

Eins og fyrr voru nokkrir lausráðnir starfsmenn vegna framkvæmda og við afleysingar og voru, að meðtöldum stjórnarmönnum og aflestrarfólki í hlutastarfi, alls 173 einstaklingar greidd laun á árinu.

TÆKNIDEILD

Virkjun á Reykjanesi

Í samstarfi við Varmaverk og Verkfræðistofu Suðurnesja hafa verið gerðar kostnaðaráætlanir fyrir orkuver á Reykjanesi og kannaðir ýmsir möguleikar á virkjunum, svo sem 2 x 35 MW, 1x 40 MW og 1x70 MW mjög ítarlega. Einnig voru gerðar lauslegar

	2002				2001			
	Fj. starfsmanna		Stöðugildi		Fj. starfsmanna		Stöðugildi	
Framkvæmdastjórn	2		2,0		2		2,0	
Fjármálastjóri	1		1,0		1		1,0	
Fjármál, bókhald, innheimta og þjónusta	22		20,3		16		16,0	
Gæða- og starfsmannamál	1		1,0		1		1,0	
Eldborg	0	26	0,0	24,3	1	21	1,0	21,0
Orkuver Svartsengi, stöðvar- og viðhaldsstjórn	2		2,0		2		2,0	
Vélgæsla	12		12,0		12		12,0	
Stjórnbúnaður	2		2,0		1		1,0	
Viðhald og eftirlit	5	21	5,0	21,0	6	21	6,0	21,0
Forstöðumaður hitaveitu- og ferskvatnsdeildar	1		1,0		1		1,0	
Viðhald og eftirlit	13	14	13,0	14,0	8	9	8,0	9,0
Forstöðumaður rafmagnsdeildar	1		1,0		1		1,0	
Svæðisstjórn, hönnun	4		4,0		3		3,0	
Viðhald og eftirlit	21		21,0		18		18,0	
Rafmagnsöryggismál	3		3,0		2		2,0	
Mælar/lokanir	4	33	4,0	33,0	4	28	4,0	28,0
Upplýsingakerfi	3		3,0		2		2,0	
Mæli- og stjórnbúnaður	0	3	0,0	3,0	1	3	1,0	3,0
Tæknideild	1		1,0		1		1,0	
Tækniteiknun	3	4	2,7	3,7	3	4	2,7	3,7
Innkaup, birgðahald og viðhald mannvirkja	1		1,0		1		1,0	
Birgðavarsla	6		6,0		5		5,0	
Viðhald mannvirkja	3		3,0		3		3,0	
Mötuneyti	3		2,0		1		1,0	
Ræsting	6	19	3,2	15,2	4	14	2,8	12,8
Samtals		**120**		**114,2**		**100**		**98,5**
Suðurnes - Njarðvík	55		53,1		54		53,4	
Suðurnes - Svartsengi	23		23,0		22		22,0	
Hafnarfjörður	24		22,2		24		23,1	
Vestmannaeyjar	18	120	15,9	114,2	0	100	0,0	98,5
Samtals		**120**		**114,2**		**100**		**98,5**

áætlanir fyrir 2 x 40 MW. Þá hefur skiljustöð verið hönnuð og kannaðir ýmsir útfærslumöguleikar á orkuveri. Meðal annars hafa mismunandi aðferðir við kælingu verið kannaðir, því að kæling er jafn mikilvæg og hiti þegar um raforkuframleiðslu er að ræða.

Kannað var að hafa safnæðar neðanjarðar, en með núverandi tækni myndi það auka stofnkostnað um 13%, eða einn milljarð fyrir 2 x 35 MW virkjun.

Borholur Reykjanesi

Í ljós kom leki milli fóðringa í REY H010. Mælingar bentu til leka á efstu samskeytum á 8,3 m dýpi. Grafið var niður niður utan með fóðurrörum niður á um 10 m dýpi og lauk viðgerð í febrúar 2003. Þegar H-11 hafði verið afkastamæld í rúman mánuð kom fram leki á sama hátt og í holu 10. Jarðvinna vegna viðgerðar hefur verið boðin út.

Vegna hærra hitastigs í borholum á Reykjanesi en í Svartsengi er nauðsynlegt að öðlast þekkingu á útfellingavandamálum áður en endanleg hönnun virkjunar hefst. Tvennskonar útfellingatilraunir voru gerðar á árinu í samvinnu við Orkustofnun. Í fyrsta lagi með svokallaðri útfellingagreiðu, sem látin er ganga stanslaust í mánuð með borholuvökva og í öðru lagi „autoklava“ tilraunir, en þar er unnið með einskonar hitabrúsa til þess að finna þau hitastig sem útfellingarnar byrja við. Í útfellingagreiðunni eru svo útfellingasteindirnar teknar til efnagreiningar.

Trölladyngja

Lokið við prófanir á borholu TRÖ H001 og mælibúnaður fluttur í burtu.

Stækkun í SVA

Gerð hafa verið varmafræðileg reiknilíkön af „háþrýstigufuvirkjun“. Þar er miðað við að nota gufu úr holum H - 10, 14, 16 og 20 en þær vinna allar með yfir 17 bar þrýsting á holutoppi. Í staðinn fyrir að fella þrýstinginn í gegnum loka er þrýstingurinn látinn falla í gegnum gufuhverfil. Hægt er að ná 15 MW miðað við núverandi framleiðslu úr borholunum og þá verða vélar 1 og 2 stöðvaðar, nema til vara.

Vinnsla úr borholum var eftirfarandi (millj. tonn):

	2002	2001	Breyt %
HSH- 7	1,380	1,600	-13,75%
HSH- 8	1,430	1,770	-19,21%
HSH- 9	1,500	1,200	25,00%
HSH-10	0,811	0,980	-17,24%
HSH-11	2,460	1,860	32,26%
HSH-12	0,000	0,000	
HSH-14	0,225	0,310	-27,42%
HSH-16	0,935	1,320	-29,17%
HSH-18	1,060	1,240	-14,52%
HSH-19	1,010	1,230	-17,89%
HSH-20	0,505	0,070	
	11,316	**11,580**	**-2,28%**
„HSH-5/6/12/17; niðurdæling“	(1,716)	(0,764)	0,00%
Heildarvinnsla úr svæðinu	**9,600**	**10,816**	**-11,24%**

ALTÆK GÆÐASTJÓRNUN O.FL.

ÞRÓUNARSTARFSEMI VATNSDEILDAR - TÆKNILEG ÚTFÆRSLA, REKSTUR OG VIÐHALD AÐVEITU- OG DREIFIKERFIS HITA- OG VATNSVEITU

Fáir fundir voru haldnir í verkefninu á síðasta ári og komið að endalokum þess. Þar sem vinnan í hópnum hefur dregist á langinn þá var ákveðið að taka samantekt úr fundargerðum til að skoða stöðuna, hverju væri lokið og hvað stæði enn út af borðinu. Nokkur málefni eru enn í vinnslu og þeim sem ekki var lokið var forgangsraðað. Eitt af því sem nefndin stóð fyrir var að kaupa sandblásturskassa niður á verkstæði á Brekkustíg til að þrífa hemla og hefur það komið að góðum notum.

INNRI ÚTTEKTIR

Fyrir árið 2002 voru 13 innri úttektir á verklagsreglum á áætlun og tilheyrðu flestar þeirra öryggisstjórnunarkerfinu, en einnig voru nokkrar verklagsreglur sem tilheyrðu innkaupadeild og skrifstofu. Af þeim þrettán verklagsreglum sem voru á áætlun voru fimm teknar út og tvær undirbúnar fyrir úttekt. Vegna innleiðingu nýs upplýsingakerfis hjá fyrirtækinu var ákveðið að fresta úttekt á nokkrum verklagsreglum þar sem verið er að endurskipuleggja ýmsa ferla.

Lokið er að mestu að vinna úr þeim athugasemdum sem fram komu, en í flestum tilfellum var um lítilsháttar frávik að ræða eða breytingar á eyðublöðum. Ekki verða skipulagðar eins margar innri úttektir fyrir þetta árið þar sem reynsla síðastliðinna ára sýnir að þetta er tímafrek vinna og því betra að ætla sér minna og komast yfir það. Það hefur sannað sig að innri úttektirnar eru öflugasta vopnið til að unnið sé eftir samþykktum verklagsreglum fyrirtækisins.

INNRI ÖRYGGISSTJÓRNUNARKERFI RAFVEITU

Samkvæmt verklagsreglu nr. 3 frá Löggildingastofu um „Skoðun á öryggisstjórnunarkerfi rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva“ er gert ráð fyrir viðhaldsskoðun á öryggisstjórnunarkerfinu. Viðhaldsskoðanirnar eru úrtaksskoðanir sem fara fram einu sinni á ári á þriggja ára tímabili þannig að tekin er fyrir 1/3 hluti

af kröfum til öryggisstjórnunarkerfis hverju sinni, en innri úttektir eru teknar með í öllum þessum skoðunum. Árleg virkniúttekt var framkvæmd af starfsmönnum Rafskoðunar 18. desember síðastliðinn og er þetta önnur virkniúttekt sem HS fer í, síðasti hluti virkniúttektar er því í desember 2003. Vegna sameiningarinnar við Vestmannaeyjar var einnig farið í atriðin „ábyrgð stjórnenda“ og „ábyrgðarmaður“. Mikill árangur hefur fengist í að láta öryggisstjórnunarkerfið falla inní daglega vinnu og eru stjórnendur kerfisins nokkuð sáttir við niðurstöðu úttektarinnar, þó einhver vinna sé þó eftir og þá helst samræming á milli svæða vegna mikillar útrásar fyrirtækisins sl. ára.

ÖRYGGISNEFND

Í fyrsta sinn eftir sameiningu var haldinn öryggisvika í Hafnarfirði dagana 15. - 19. apríl. Eins og áður voru haldnir fróðlegir fyrirlestrar um hættuleg efni, heilsusamlegt líferni, skyndihjálp og rétta vinnubeitingu og einnig fengu starfsmenn kennslu í notkun slökkvitækja. Hjartavernd kom á staðinn og mældi líkamsástand manna og í lok vikunnar var grillað fyrir starfsmenn. Fram að þessu hefur verið haldinn öryggisvika á tveggja ára fresti en ákveðið hefur verið að halda öryggisviku á öllum starfsvæðum fyrirtækisins vorið 2003 og hæfilegt að hún sé haldinn þriðja hvert ár. Vegna óhapps sem varð í holukjallara voru settir blásarar við loftinntök í allar gufuholur í Svartsengi og eru þeir komnir í notkun í nokkrum holum, ásamt því að sett hefur verið upp lýsing í holuhúsum. Keyptur var súrefnismælir „sniffari,, sem menn hafa

á sér þegar þeir fara í holukjallara eða lokuð rými. Keyptur hefur verið viðurkenndur öryggisfatnaður vegna vinnu við rafmagn og hefur það sýnt sig nú þegar að slíkur fatnaður er nauðsynlegur öryggisbúnaður. Einnig var unnið að því að setja slökkvitæki í bílaflota HS í Hafnarfirði ásamt ýmsum öðrum málefnum.

HEIMASÍÐA HS hf

Eins og greint var frá í síðustu ársskýrslu lagði heimasíðuhópur, sem skipaður var af gæðaráði, fram greinagerð um hvernig heimasíðuvinnslu skyldi háttað og tillögu að nýjum hóp til að vinna verkefnið. Nýr heimasíðuhópur hóf störf á vormánuðum og voru fundarmenn sammála að verkefni hópsins væri að setja upp ferli um hvernig upplýsingar og efni frá starfsmönnum kæmist inn á síðuna og hvert innan fyrirtækisins þær eigi að berast. Ákveða þyrfti hvernig og hvar staðið væri að uppfærslu og uppsetningu heimasíðunnar. Einnig var verkefni hópsins endurskoðun og þróun síðunnar til framtíðar. Meðlimir hópsins hafa farið vandlega yfir heimasíðuna og ákveðið hvað þyrfti að laga strax og hverju mætti breyta eða sleppa. Farið var í þarfagreiningu á því hvaða efni ætti að vera á síðunni og á útliti hennar og var m.a. farið inn á aðrar heimasíður til að fá hugmyndir. Enn á eftir að ákveða endanlega með hvaða hætti vefutanumhald verður en undanfarið hefur hópurinn verið að kortleggja ferlana innan heimsíðunnar og munu þeir ferlar verða notaðir til að skipuleggja áætlun í þróun nýrrar heimasíðu, en fyrst hefur verið lögð áhersla á að það efni sem er á eldri heimasíðu sé aðgengilegt á þeirri nýju. Síðar er gert ráð fyrir að allar eða vel flestar þjónustubeiðnir verði aðgengilegar á heimasíðunni. Það er því næg verkefni fyrir höndum en þó ekki lengi að bíða að ný heimasíða líti dagsins ljós.

STARFSLEYFI FYRIR HITAVEITUR

Í árslok var undirbúið erindisbréf fyrir gæðahóp og það lagt fyrir óformlegan fund hjá gæðaráði. Ástæðan var sú að samkvæmt reglugerð 785/1999 ber fyrirtækjum að sækja um starfsleyfi fyrir sínum rekstri. Fundað hefur verið með Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og er nú unnið að undirbúningsvinnu samkvæmt þeirra leiðbeiningum. Fer nú að líða að því að gæðahópur hefji störf til að vinna að þessu máli.

MARKVISS (MUS)

Í upphafi árs var farið af stað með verkefni sem stuðla skal að markvissri uppbyggingu starfsmanna. HS hefur áður farið af stað í slíkt verkefni í Svartsengi (hét þá MUS) en nú var farið í rafmagns-, vatns- og viðhaldsdeild fyrirtækisins. Ákveðinn aðferðarfræði er notuð og er tilgangurinn að brúa bilið milli núverandi færni starfsmanna og þeirrar færni sem starfið krefst. Starfsmenn gerðu starfslýsingar þar sem lýst var þeirri færni sem hvert starf innan fyrirtækisins útheimti ásamt öðrum tilheyrandi eyðublöðum. Stjórnendur voru þjálfaðir í að taka starfsmannaviðtöl, en í þeim viðtölum á að meta hvort starfsmaðurinn fullnægi þeirri færni sem starfið krefst. Ef bil skapast þarna á milli, þá er tilefni til endurmenntunar og frekari þjálfunar. Þegar þetta mat liggur fyrir er sett fram áætlun um símenntun og kostnað. Þessari vinnu er ekki að fullu lokið en vonir eru um að í haust liggi fyrir símenntunaráætlun fyrir þessar deildir.

MARKAÐSFRÆÐINÁM

Vegna ýmissa breytinga sem framundan eru í orkugeiranum var ákveðið að efla víðsýni stjórnenda HS og í byrjun síðasta árs settust þeir á skólabekk í markaðsfræðum. Stjórnendaskólinn í Háskólanum í Reykjavík hafði veg og vanda að námskeiðinu. Efnistök námskeiðsins voru: Markaðsstarf og markaðsstefna, vörumerki og ímynd, gerð markaðsáætlunar og markaðssetning á tímum rafrænna viðskipta. Var þetta fróðlegt og vakti starfsmenn til umhugsunar um hvernig nýta á tækifærin sem skapast og hvernig takast ætti við þær breytingar sem eru handan hornsins hjá Hitaveitu Suðurnesja hf og gera fyrirtækið betur í stakk búið til að takast á við þær.

SKRIFSTOFA

Árið 2002 hefur einkennst af miklum breytingum í fyrirtækinu eins og árið áður og hafa þessar breytingar haft veruleg áhrif alls staðar í starfseminni og þá ekki síst á skrifstofu. Í ársbyrjun var ákveðið að kaupa nýjan hugbúnað, upplýsingakerfi, fyrir fyrirtækið. Það að kaupa var þó minnsti hlutinn, því samhliða þessu hófst mikil þróunar- og aðlögunarvinna sem staðið hefur allt árið og stendur enn þegar þetta er skrifað.

Samhliða þessari breytingu voru Bæjarveitur Vestmannaeyja keyptar og var það að forminu til með þeim hætti að BV voru keyptar miðað við stöðu efnahagsreinings pr. 31.12.01. Þrátt fyrir það voru BV reknar sem sjálfstæð eining, með eigin bókhald og orkureikningagerð árið 2002. Það var þó í lok nóvember sem bóhaldið var sameinað og fært yfir í hið nýja kerfi HS, Axapta. Þetta hefur haft í för með sér ýmsar breytingar á skipulagi og starfsemi fyrirtækisins. Skrifstofan hefur ekki farið varhluta af þessum breytingum og þær tekið mikinn tíma, og enn sér ekki að hluta til fyrir endann á breytingunum.

Unnið hefur verið að því að skipta verkefnum milli starfsstöðva, það er Suðurnesja, Hafnarfjarðar og Vestmannaeyja, þó þannig að starfsfólk nýttist sem best og þeir þættir starfseminnar, sem rétt er að vinna á einum stað verði með skipulöðum hætti staðsettir á stöðvunum, eftir því sem best hentar hverju sinni. Aðra þætti er svo mjög auðvelt, meðal annarrs vegna nýja kerfisins, að vinna samhliða á öllum stöðvum. Bókhald er með þeim hætti, að það var skráð á öllum stöðum þó með þeirri tengingu að allir reikningar frá birgjum og öðrum þjónustu aðilum eru mótteknir, skráðir inn í kefið og greiddir af starfstöðinni á Suðurnesjum og gjaldfærsla þeirra en samþykkt þeirra og bókhaldsmerking er gerð af ábyrgðaaðilum á öllum stöðvum. Undirbúningur að innfærslu og gagnaflutningi úr orkureikningakerfi BV í K+ sem er það kerfi sem HS hefur notað sl þrjú ár og verður okkar kerfi næstu árin, hófst á haustmánuðum og var það verk unnið af starfsmönnum Ax hugbúnaðahúss ásamt þjónustuaðilum Akurkerfisins hjá BV og svo starfsfólki svæðisskrifstofunnar í Vestmannaeyjum með nokkurri aðstoð frá Suðurnesjum. Við erum orðin nokkuð sjóuð í vinnu og undirbúningi gagnaflutnings, en þó er það nú svo að alltaf koma upp ný mál sem taka þarf á og úrlausnarverkefnum sem ekki voru séð fyrir. En þrátt fyrir allt fór gagnaflutningurinn fram um áramótin 2002-2003 og fyrstu reikningar fyrir Vestmannaeyjar voru gefnir út í

Njarðvík í lok janúar 2003. Vissulega eru enn nokkrir meinbugir í gangi og töluvert eftir við aðlaganir svo sem vegna breytinga á fjölda reikning og sameiningu veitna í Eyjum á einn reikning sem gefinn er út mánaðarlega, í stað þess að skipta milli mánaða eftir gerð veitna svo og móttaka og innskráning greiðslna, gerð og útsending reikninga og svo mætti telja um stund.

Margir þættir í starfsemi skrifstofanna eru nú í skoðun með breyttu starfssvæði og skipulag er ekki orðið endanlegt. Innleiðing nýs upplýsingakerfis hefur haft veruleg áhrif og ekki er í dag séð fyrir endan á þeim breytingum sem það mun hafa í för með sér. Þróun öll er hröð og tekist er á við ný verkefni á nánast hverjum degi.

Eins og fram hefur komið hafði samruni Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar í eitt fyrirtæki, það er Hitaveitu Suðurnesja hf, og síðan kaup HS á Bæjarveitum Vestmannaeyja mikil áhrif á starfsemi skrifstofu. Það er ljóst að framundan er ekki síður mikil vinna við skipulag og samræmingu þar sem haft verður að leiðarljósi að hæfni og geta starfsmanna nýtist sem best, óháð því hvar þeir eru staðsettir í stöðvum fyrirtækisins. Þá er líka ljóst að verið er að vinna að gerð nýrra raforkulaga, sem væntanlega geta og munu hafa áhrif á starf og rekstur fyrirtækisins, þó svo að í dag séu slík áhrif ekki ljós og að verulegu leyti ófyrirséð. En eins og er mun aðlögun og innleiðing nýs upplýsingahugbúnaðar taka til sín stóran skerf af starfsemi skrifstofu þó svo að hinni eiginlegu innleiðingu fjárhagsbókhaldsins sé lokið fyrir nokkru, eru enn margir þættir sem eftir er að samhæfa og taka í notkun.

ORKUFRAMLEIÐSLA OG SALA

Á árinu 2002 nam framleiðsla í orkuveri 613 GWh í varma (9,070 milljón tonn) og 366,6 GWh í raforku, auk 3,0 GWh á Reykjanesi, eða sem samsvarar alls um 108% forgangs raforkunotkunar á Suðurnesjum og í Hafnarfirði og um 99% raforkunotkunarinnar í heild á sama svæði. Varmaorkuframleiðslan var 4,4% meiri en árið áður, forgangs raforkunotkunin á Suðurnesjum jókst um 2,14% og raforkunotkun á Suðurnesjum í heild jókst um 4,02%. Á Hafnarfjarðarsvæðinu jókst raforkunotkun um 7,74% og um 4,4% í Eyjum þannig að í heild jókst forgangs raforkunotkun um 3,56% og raforkunotkun í heild um 4,97%.

Á Suðurnesjum jókst sala á heitu vatni um hemla um 0,17% frá upphafi til loka ársins, þ.e. hún jókst um 2,16% í byggðunum en minnkaði um 2,35% til varnarliðsins. Sala um mæla var rúmlega 1,7 milljón tonn eða um 4,2% aukning. Sala á heitu vatni í Eyjum jókst um 3,6% en ferskvatnssala var nær óbreytt. Sala raforku samkvæmt almennum töxtum jókst í heild um 12,4%, samkvæmt hitatöxtum minnkaði hún um 22,5%, samkvæmt rof- og tvígjaldstöxtum varð aukning um 9,6%, til fyrirtækja samkvæmt afltaxta varð aukning um 4,9% og í heild þá aukning um 7,71%. Til varnarliðsins jókst salan um 0,4% og í heild jókst forgangsorkusala um 6,2% og ótryggðrar orku um 24,3% þannig að í heild jókst raforkusalan um 7,6% á árinu.

FJÁRMÁL

Lokaniðurstaða rekstrarreiknings fyrir árið 2002 var nokkuð betri en árið áður (194 m.kr) en rétt er að nefna nokkur atriði sem hafa áhrif á niðurstöðuna, sem eru reyndar bæði til tekna og gjalda. Gengismunur sveiflast um 250 m.kr. eða úr gjöldum upp á 146 m.kr. í tekjur að upphæð 104 m.kr. Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga lækka hinsvegar um 79 m.kr. eða úr 113 m.kr. í 34 m.kr. og síðan hækkar sérstök niðurfærsla hlutafjár um 132 m.kr. eða úr 6 m.kr. í 138 m.kr. Óregluleg gjöld lækka um 36 m.kr. en á móti kemur hækkun niðurfærslu skammtímakrafna um 26 m.kr. úr 13 m.kr. í 39 m.kr. Heildarniðurstaða þessara liða er bætt afkoma um 36 m.kr. og þrátt fyrir hækkun afskrifta um 100 m.kr. eykst hagnaður eins og áður sagði um 194 m.kr.

Hagnaði fyrirtækisins hafði fram til ársins 2001 að mestu verið varið til að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækisins, til afborgana af lánum og til fjárfestinga í orkuveri, veitukerfum o.fl. Árið 2001 var vegna breytinga á rekstrarformi o.fl. ákveðið að greiða árlega út arð til eigenda fyrirtækisins og var ákveðið að miða við um þriðjung árlegs hagnaðar, auk þess sem greiddur var sérstakur arður að upphæð 1.120 m.kr. Arðgreiðsla HS árið 2002 var 205 m.kr. og tillaga er um 270 m.kr. arðgreiðslu vegna ársins 2003. Afskriftir voru samtals 598 m.kr. sem er um 4,6% bókfærðs heildarverðs í árslok, en það var 12,9 milljarður króna. Ofangreindar útgreiðslur og umtalsverðar fjárfestingar hafa þrengt greiðslustöðu verulega og var veltufjárhlufallið í árslok 1,08, var árið áður 0,96 en það var hjá Hitaveitu Suðurnesja 2,31 í árslok 2000.

Rekstrartekjur ársins námu alls 3.461,5 milljónum króna sem er um 23 % hækkun í krónutölu frá árinu áður og 16,6% hækkun að raungildi. Að Vestmannaeyjum meðtöldum hækkuðu tekjurnar um 6,35% í krónutölu og 0,85% að raungildi. Af rekstrartekjunum voru 1.251,2 m.kr. af vatnssölu (36,2%), 1.511,5 m.kr. af almennri raforkusölu (43,7%), raforkusala til Landsvirkjunar 215,2 m.kr. (6,2%), raforkusala til varnarliðsins 306,5 m.kr. (8,9%), ferskvatnssala 70,5 m.kr. (2,0%), tengigjöld 63,1 m.kr. (1,8%), gufu- og jarðvökvasala 3,7 m.kr. (0,1%) og aðrar tekjur 43,4 m.kr. (1,1%). Rekstrargjöld voru 2.615,7 m.kr. og voru afskriftir þar af 597,7 m.kr. (22,9%), en fjármagnsliðir voru í heild neikvæðir um 38,5 m.kr. Arðsemi eigin fjár var 8% en á árinu áður var hún 7%.

Greiddar voru 274 m.kr. í afborganir af langtímalánum á árinu og eru langtímaskuldir í árslok, með næsta árs afborgunum þá 1.393 m.kr., þar af 962 m.kr. í erlendri mynt, og heildarskuldir 2.693 m.kr.

Gjaldskrá fyrirtækisins hækkaði 1. ágúst 2002 um 3%, en hún hafði hækkaði um 5 - 6 % 1. september 2001. Gjaldskráin hafði áður verið óbreytt frá 1. okt. 1991, að öðru leyti en því að almennur taxti raforku lækkaði um 12,5% 1. apríl 1996 og rafhitataxtar höfðu fylgt heildsöluverði raforku. Að raungildi er þá hemlagjaldskráin um 54% þess verðs er það var 1985 og tonnagjaldskráin um 36%. Almennur taxti raforku er um 40% og afltaxti um 42% af raunverði miðað við 1985. Áætla má, að raunkostnaður meðal heimilis hafi lækkað um 85 - 90 þús. kr. á ári miðað við gjaldskrá 1985.

Varðandi viðskipti fyrirtækisins við Landsvirkjun þá voru helstu niðurstöður ársins 2002 eftirfarandi:

LANDSVIRKJUN - VIÐSKIPTI 2002

Afhending LV til HS (Suðurnes)	kWh	- 6.704.000
Afhending LV til HS (Hafnarfj.)	kWh	- 104.964.000
Afhending HS til LV	kWh	108.868.000
Raun afhending HS til LV	**kWh**	**- 2.800.000**
Afhending HS til LV (ótr. rafm.)	kWst	32.556.000
Nettó afhending HS til LV	**kWst**	**29.756.000**
HS greiddi LV v/raforkukaupa	kr.	640.716.916
HS greiddi LV v/ ótr. rafmagn	kr.	25.461.768
Afsláttur LV til HS v/fiskeldis	kr.	- 25.984.173
Nettó HS til LV	**kr.**	**615.545.911**
LV greiddi HS	kr.	215.240.908
Nettó greiðsla HS til LV	**kr.**	**424.998.603**
Greiðsla HS til LV v/ samreksturs	kr.	17.941.637
Samtals greiðsla HS til LV	**kr.**	**442.940.240**

Niðurstaðan er því sú, að HS afhenti Landsvirkjun 29,8 GWh og greiddi 425 m.kr. auk þess að greiða vegna samrekstrarsamnings (reiðuafl, varaafl, viðhald) 17,9 m.kr. Þess ber þó að sjálfsögðu að geta, að beinn samanburður á kWh er ekki réttur, þar sem hver kWh er mun verðmætari á álagstímum heldur en t.d. að næturlagi eða á sumrin og samningurinn tryggir hámarksnýtingu orkuveranna.

Í áætlunum fyrir árið 2003 er að svo komnu máli ekki gert ráð fyrir nýjum virkjunum en áætlað er að fjárfestingar í orkuveri og veitukerfum verði rúmlega 700 m.kr. og heildarfjárfestingar um 840 m.kr. Umfangsmestu fjárfestingarnar eru við varmanám á Reykjanesi, aðveituæð til Voga, starfsstöð í Hafnarfirði og virkjun við nýja sorpeyðingarstöð, auk um 250 m.kr. í veitukerfunum. Afskriftir eru áætlaðar verða um 620 m.kr., afborganir langtímaskulda u.þ.b. 300 m.kr., greiðslur til eigenda 270 og heildartekjur eru áætlaðar um 3.570 m.kr. eða um 3% hærri en 2002. Ekki er gert ráð fyrir frekari lántökum á árinu en gert er ráð fyrir gjaldskrárhækkun sem nemi um 3% á ársgrundvelli. Að öðru leyti er vísað til taflna og mynda hvað varðar nánari skýringar á fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Hlutfallsleg skipting tekna 2002



Vatnssala	1.251.211	Rafmagnssala stóriðja	215.241
Ferskvatnssala	70.520	Tengigjöld	63.123
Rafmagnssala	1.511.471	Aðrar tekjur	43.379
Rafmagnssala varnarlið	306.549		

Hlutfallsleg skipting gjalda 2002



Almenn rekstrargjöld	1.205.040	Fjármagnskostnaður	38.537
Raforkukaup	812.950	Hagnaður	807.290
Afskriftir	597.677		

Uppruni fjármagns



Handbært fé frá rekstri	1.733.260	Langtímakröfur, breyting	11.442
Yfirtekið handbært fé	59.841	Tekið lán	30.651
Sala eigna	34.697	Lækkun á handbæru fé	186.629

Ráðstöfun fjármagns



Orkuver og veitukerfi	780.194	Aðrir rekstrarfjármunir	142.360
Jarðir og jarðhitaréttindi	0	Fjárfest. í eignarhl. í öðrum fél.	37.500
Hitaveitukerfi	0	Lán til dótturfélags	4.386
Vatnsveitukerfi	0	Afborganir langtímalána	273.959
Rafveitukerfi	0	Greiddur arður	805.000
Óefnislegar eignir	13.091		

LYKILSTÆRÐIR Í ÁRSSKÝRSLU

ORKUVEITA

HITAVEITA SUÐURNESJUM	Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	700	km²
Íbúar með hitaveitu .....VL = 4.500	16.300	fjöldi
Hús tengd hitaveitu .....VL = 300	5.039	fjöldi
Veitur (mælitæki) .....VL = 300	5.546	fjöldi
Fjöldi starfsmanna	120	stöðugildi
Fjöldi ársverka	114	ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði	150	MW
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta)	125	MW
Lengd safn- og aðveituæða	67	km
Lengd dreifikerfis	308	km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi	9.069.961	m³/ári
Hámarksálag á árinu	98,3	MW
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi	613	GWh/ári
Hlutfall orkuframleiðslu: jarðhiti	100	%
Hlutfall orkuframleiðslu:: annað	0	%
Smásala .....VL = 12.878	17.110	lítrar/mín
Smásala .....VL = 4.289	1.734.082	„m³;“
Smásala (án vsk) .....VL = 633,4	439,5	Mkr
Heildsala (án vsk)	0	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	1,13	kr/kWh

RAFMAGNSVEITA SUÐURN. & HFJ	Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	863	km²
Íbúar á orkuveitusvæðinu	39.987	fjöldi
Heimtaugar	10.431	fjöldi
Veitur (mælitæki)	18.668	fjöldi
Götuljósastólpar	11.419	fjöldi
Götuljósastólpar, afl ljósgjafa	2.096,0	kW
Fjöldi starfsmanna	120	stöðugildi
Fjöldi ársverka	114	ársverk
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafl	238,4	MVA
Dreifistöðvar, uppsett spennaafl	151,27	MVA
Lengd aðveitukerfis	159,3	km
Lengd háspennudreifikerfis	243,9	km
Lengd lágspennudreifikerfis	1.408,0	km
Orkuöflun alls, mesta afl	60,00	MW
Orkuöflun alls	374,4	GWh/ári
Smásala .....VL = 67,2	233,4	GWh
Smásala ótrygg orka	32,6	GWh
Heildsala	201,0	GWh
Smásala (án vsk) .....VL = 306,5	1.267,9	Mkr
Heildsala (án vsk)	215,2	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	4,77	kr/kWh

HITAVEITA VESTMANNAEYJUM	Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	13,3	km²
Íbúar með hitaveitu	3.817	fjöldi
Hús tengd hitaveitu		fjöldi
Veitur (mælitæki)	1.408	fjöldi
Fjöldi starfsmanna	(16)	stöðugildi
Fjöldi ársverka	(5)	ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði		MW
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta)	38	MW
Lengd safn- og aðveituæða	1,4	km
Lengd dreifikerfis	67,7	km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi	1.468.618	m³/ári
Hámarksálag á árinu	13,5	MW
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi	64,7	GWh/ári
Hlutfall orkuframleiðslu: jarðhiti	0	%
Hlutfall orkuframleiðslu: annað	100	%
Smásala	17.110	lítrar/mín
Smásala	1.149.241	„m³;“
Smásala (án vsk)		Mkr
Heildsala (án vsk)	175,4	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	152,60	kr/m³

RAFMAGNSVEITA VESTMANNAEYJUM	Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	13,3	km²
Íbúar á orkuveitusvæðinu	4.416	fjöldi
Heimtaugar	1.972	fjöldi
Veitur (mælitæki)	2.364	fjöldi
Götuljósastólpar	1.357	fjöldi
Götuljósastólpar, afl ljósgjafa	227,0	kW
Fjöldi starfsmanna	(16)	stöðugildi
Fjöldi ársverka	(7)	ársverk
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafl	52,5	MVA
Dreifistöðvar, uppsett spennaafl	25,80	MVA
Lengd aðveitukerfis	1,5	km
Lengd háspennudreifikerfis	22,2	km
Lengd lágspennudreifikerfis	83,3	km
Orkuöflun alls, mesta afl	9,30	MW
Orkuöflun alls	43,6	GWh/ári
Smásala	41,6	GWh
Smásala ótrygg orka	1,1	GWh
Heildsala	0,0	GWh
Smásala (án vsk) .....VL = 306,5	241,7	Mkr
Heildsala (án vsk)	0,0	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	5,81	kr/kWh

ÁRSREIKNINGUR
31. DESEMBER 2002

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR Á ÁRSREIKNINGINN

Í ársbyrjun 2002 samþykkti stjórn félagsins og hluthafafundur samruna Hitaveitu Suðurnesja hf og Bæjarveitna Vestmannaeyja. Samruninn varð með þeim hætti að hlutafé Hitaveitunnar var hækkað um 512 millj. kr. að nafnveði og hlutaféð notað sem greiðsla fyrir Bæjarveiturnar. Kaupverð er talið 720 millj. kr. Hitaveitan yfirtók rekstur Bæjarveitnanna frá ársbyrjun 2002.

Ársreikningur Hitaveitu Suðurnesja hf er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, Jarðlindar ehf og Hitaveitu Krísuvíkur ehf, og ársreikning móðurfélagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 3.461 millj. kr. og hagnaður þess var 807 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 13.855 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 11.081 millj. kr. eða 80% af heildarfjármagni. Þetta hlutfall var 79% í ársbyrjun.

Eignarhluti einstakra hluthafa í Hitaveitu Suðurnesja hf í árslok 2002 er sem hér segir:

Eignarhluti	
Reykjanesbær	40,46%
Hafnarfjarðarbær	15,50%
Ríkissjóður	15,50%
Grindavíkurbær	8,66%
Vestmannaeyjabær	7,00%
Sandgerðisbær	5,42%
Gerðahreppur	4,70%
Vatnsleysustrandarhreppur	2,76%

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2003 verði greiddur 270 millj. kr. arður til hluthafa, en vísar að öðru leyti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Alþingi samþykkti undir lok árs 2002 breytingar á lögum um ársreikninga þess efnis að afnema skyldi verðleiðrétt reikningsskil frá og með árinu 2002. Í lögunum eru bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um tveggja ára aðlögunartíma, þannig að á árunum 2002 og 2003 verður heimilt að semja og birta verðleiðrétt reikningsskil. Félagið nýtti heimildina á árinu 2002 og gert er ráð fyrir að reikningsskil félagsins á árinu 2003 verði verðleiðrétt.

Stjórn og framkvæmdastjórn Hitaveitu Suðurnesja hf staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

NJARÐVÍK, 21. MARS, 2003

STJÓRN:

FORSTJÓRI:

AÐSTOÐARFORSTJÓRI

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Hitaveitu Suðurnesja hf

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Suðurnesja hf fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning og ársreikning móðurfélagsins. Hann greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 33. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2002, efnahag þess 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Njarðvík, 21. mars 2003.

KPMG Endurskoðun hf.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2002

	Skýr.	2002	2001
Rekstrartekjur:			
Raforkusala		2.033.261	1.666.297
Hitaveituvatnssala		1.251.211	1.037.835
Ferskvatnssala		70.520	22.373
Tengigjöld		63.123	69.233
Aðrar tekjur		43.379	19.908
	5	3.461.494	2.815.646
Rekstrargjöld:			
Rekstur orkuvera	15	406.511	348.539
Rekstur rafveitukerfa:	15		
Raforkukaup		812.950	614.792
Aðveitu- og dreifikerfi		264.774	222.280
Rekstur hitaveitukerfa	15	131.115	84.435
Rekstur ferskvatnskerfa	15	29.628	2.524
Sameiginlegur rekstrarkostnaður	16	373.012	340.764
Afskriftir	20	597.677	497.788
	15	2.615.667	2.111.122
Rekstrarhagnaður án hreinna fjármagnsgjalda		845.827	704.524
Hrein fjármagnsgjöld	17	(38.537)	(91.407)
Hagnaður		807.290	613.117

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR

	Skýr.	Samstæða 2002	Samstæða 2001	Móðurfélag 2002	Móðurfélag 2001
Fastafjármunir:					
Óefnislegar eignir:					
Virkjunarrannsóknir	6,18	306.676	296.160	39.369	41.944
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Orkuver		6.298.196	5.740.018	6.293.778	5.740.018
Rafveitukerfi		3.384.025	2.895.257	3.384.025	2.895.257
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi		1.296.439	782.758	1.296.439	782.758
Aðrir rekstrarfjármunir		889.615	601.589	889.615	601.589
	7,19	11.868.275	10.019.622	11.863.857	10.019.622
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í dótturfélögum	8,22	0	1.000	173.875	172.875
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	9,23	304.210	380.111	304.210	380.111
Eignarhlutir í öðrum félögum	9,24	178.178	188.886	178.178	188.886
Skuldabréfaeign		99.615	114.101	99.615	114.101
		582.003	684.098	755.878	855.973
Fastafjármunir		12.756.954	10.999.880	12.659.104	10.917.539
Veltufjármunir:					
Rekstrarvörubirgðir	10,25	202.359	182.421	202.359	182.421
Skammtímakröfur:	11,26				
Viðskiptakröfur		653.493	519.858	653.493	519.858
Krafa á dótturfélög		0	0	14.900	4.386
Aðrar skammtímakröfur		60.795	29.086	59.689	26.680
Handbært fé	12	181.131	367.760	180.721	366.981
Veltufjármunir		1.097.778	1.099.125	1.111.162	1.100.326
Eignir samtals		13.854.732	12.099.005	13.770.266	12.017.865

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

31. DESEMBER 2002

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	Samstæða 2002	Samstæða 2001	Móðurfélag 2002	Móðurfélag 2001
Eigið fé:					
Hlutafé	27	7.311.828	6.800.000	7.311.828	6.800.000
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár		1.622.216	1.414.044	1.622.216	1.414.044
Endurmatsreikningur		900.460	707.196	900.460	707.196
Óráðstafað eigið fé		1.246.842	627.619	1.246.842	627.619
Eigið fé	28	11.081.346	9.548.859	11.081.346	9.548.859
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélags		80.125	80.125	0	0
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbinding	29	546.000	432.935	546.000	432.935
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir	30	1.128.650	890.866	1.128.650	890.866
Skammtímaskuldir:					
Viðskiptaskuldir		655.912	196.166	651.570	195.151
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	31	264.520	237.520	264.520	237.520
Aðrar skammtímaskuldir		98.179	85.634	98.180	85.634
Skuldir við eigendur		0	626.900	0	626.900
		1.018.611	1.146.220	1.014.270	1.145.205
Skuldir samtals		2.693.261	2.470.021	2.688.920	2.469.006
Eigið fé, hlutdeild minnihluta og skuldir samtals		13.854.732	12.099.005	13.770.266	12.017.865
Ábyrgðarskuldbindingar	32				

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

YFIRLIT YFIR SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2002

	Skýr.	Samstæða 2002	Samstæða 2001	Móðurfélag 2002	Móðurfélag 2001
Rekstrarhreyfingar:					
Hagnaður ársins	28	807.290	613.117	807.290	613.117
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Sölutap (-hagnaður) eigna		12.834	(3.624)	12.834	(3.624)
Lífeyrisskuldbinding, (lækkun) hækkun		(3.435)	11.301	(3.435)	11.301
Afskriftir	20	597.677	497.788	597.677	497.788
Verðbætur og gengismunur		(128.617)	187.324	(128.617)	187.324
Niðurfærsla eignarhluta		138.400	6.144	138.400	6.144
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	2	(33.514)	(112.638)	(33.514)	(112.638)
Veltufé frá rekstri		1.390.635	1.199.412	1.390.635	1.199.412
Breytingar á rekstrartengdum liðum:					
Rekstrarvörubirgðir, hækkun		(3.204)	(22.414)	(3.204)	(22.414)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(63.148)	8.728	(65.448)	8.728
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		408.947	(53.223)	405.621	(53.223)
Breytingar á rekstrartengdum liðum		342.595	(66.909)	336.969	(66.909)
Handbært fé frá rekstri		1.733.230	1.132.503	1.727.604	1.132.503
Fjárfestingarhreyfingar:					
Greidd fjárfesting í óefnislegum eignum		(13.091)	(275.483)	0	(22.438)
Greidd fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	19	(926.940)	(509.638)	(922.522)	(509.638)
Söluverð seldra eigna		34.697	12.740	34.697	12.740
Yfirtekið handbært fé við samruna		59.841	0	59.841	0
Greidd fjárfesting í eignarhlutum í dótturfélögum		0	(1.000)	(1.000)	(107.211)
Greidd fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(37.500)	(64.613)	(37.500)	(64.613)
Langtímakröfur, breyting		11.442	10.758	11.442	10.758
Lán til dótturfélags		0	0	(10.514)	(4.386)
Fjárfestingarhreyfingar		(871.551)	(827.236)	(865.556)	(684.788)
Fjármögnunarhreyfingar:					
Greiddur arður		(805.000)	(520.000)	(805.000)	(520.000)
Innborgað hlutafé frá minnihluta í dótturfélagi		0	91.945	0	0
Tekið nýtt lán		30.651	70.000	30.651	70.000
Afborganir lána		(273.959)	(405.338)	(273.959)	(405.338)
Fjármögnunarhreyfingar		(1.048.308)	(763.393)	(1.048.308)	(855.338)
Lækkun á handbæru fé		(186.629)	(458.126)	(186.260)	(407.623)
Handbært fé í ársbyrjun		367.760	825.886	366.981	774.604
Handbært fé í árslok		181.131	367.760	180.721	366.981
Aðrar upplýsingar:					
Greiddir vextir af langtímaskuldum		81.735	88.571	81.735	88.571
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:					
Greiddur arður		0	(229.831)	0	(229.831)
Eignir afhentar eigendum		0	229.831	0	229.831
Keyptar eignir		(720.000)	0	(720.000)	0
Selt hlutafé		720.000	0	720.000	0

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

SKÝRINGAR

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Hitaveitu Suðurnesja hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, Jarðlindar ehf og Hitaveitu Krísuvíkur ehf, og ársreikning móðurfélagsins. Enginn rekstur var hjá dótturfélögunum á árinu og eru rekstrarreikningar móðurfélagsins og samstæðunnar eins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við breytingar á flokkun nokkurra liða í ársreikningnum.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu móðurfélagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun neysluverðsvísitölu innan ársins, sem var 2,0%.

2. Óefnislegar eignir, varanlegir rekstrarfjármunir og eignarhlutir í öðrum félögum en dótturfélögum eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 2002. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eru reiknuð og færð í ársreikninginn og mynda reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 34 millj. kr. Endurmatsbreytingarnar hafa þau áhrif að fjárhæðir í efnahagsreikningi eru á verðlagi í árslok og rekstrarárangur ársins á meðalverðlagi.

Endurmatshækkun rekstrarfjármuna og verðbreytingarfærsla eru færð í endurmatsreikning meðal eigin fjár í efnahagsreikningi, sbr. skýringu 28.

